



FRÉTTABLAÐIÐ



Oddvitar nju stjórnmalaflokka sem gefa kost á sér fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor, mættust í fyrsta sinn í gær. Tilefnið var fundur Samtaka um billausan lífsstíl sem haldinn var á Kex. Fjórugar umræður sköpuðust um Borgarlínu, hjólreiðar og önnur samgöngumál. Samtökin buðu þeim flokkum að taka þátt sem þegar eiga sæti í borgarstjórn eða mælast með mann inni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Krefur íslenska ríkið um tugi milljóna í bætur

Guðrún Reykdal hefur stefnt ríkinu sem hún telur hafa brotið á sér við skipun í stöðu forstjóra Gæða- og eftirlitsstofnunar. Hún var ein metin hæf í stöðuna en ráðherra stöðvaði ferlið, auglýsti aftur og skipaði annan einstakling.

lovisa@frettabladid.is

DÓMSMÁL Guðrún Reykdal hefur stefnt bæði fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarna Benediktssyni, og félags- og vinnumarkaðsráðherra,

Guðmundi Inga Guðbrandssyni, vegna meintrar ólögmatrar ákvörðunar hvað varðar bæði skipun og skipunarferli í embætti forstjóra Gæða- og eftirlitsstofnunar. Guðrún sótti um embættið og var metin hæfust, en þegar komið var að því að skipa hana tilkynnti ráðherra henni að hann ætlaði að auglýsa stöðuna aftur.

Guðrún starfar hjá stofnuninni og hefur gert um árabíl, þar á meðal sem settur framkvæmdastjóri hennar í 23 mánuði.

Málið var þingfest í Héraðsdómi



Guðrún Reykdal

Reykjavíkur í vikunni og ríkislögmanni veittur frestur til að skila greinargerð en í stefnu krefur Guðrún íslenska ríkið um 27 milljónir og telur að það hafi verið ólögmat ákvörðun hjá ráðuneytinu að

stöðva skipunarferlið og auglýsa embættið að nýju.

Með þessari ákvörðun er ráðherra, eða íslenska ríkið, talið hafa bakað Guðrúnu fjártjón og miska. Hún krefur ráðherra um þrjár milljónir króna í miskabætur en í kröfunni kemur fram að með því að ráða hana ekki í starfið hafi hann valdið henni andlegu tjóni, rýrt starfsheildur hennar og álit annarra á henni.

Þá kemur fram að með því að lita fram hjá henni við skipunina hafi stada hennar, menntun, starfsferill og reynsla verið sniðgengin á

„einkar niðurlægjandi hátt og verið höfð að engu.“

Fjártjónið er metið 24 milljónir króna og er það munurinn á launum í því starfi sem hún gegnir nú hjá stofnuninni og launum forstjóra, út skipunartímabilið, en skipað er til fimm ára í senn.

Í stefnu sem ráðherra var birt í vikunni kemur fram að Guðrún telji ákvörðunina ógildanlega samkvæmt stjórnslurétti og ómálefnalega, þar sem Guðrún er talin hafa uppfyllt öll þau skilyrði sem sett voru í auglýsingu um stöðuna. ■

Opið alla páskana!
– Nánar á kronan.is

Gleðilega páska!

KRÓNAN



Eftir milt veður undanfarna daga er von á skúrum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vætusamir páskar í höfuðborginni

kristinnpall@frettabladid.is

VEÐUR „Spáin er best á Norður- og Austurlandi og veðrið ætti því að vera betra á þeim slóðum, bæði þegar kemur að hitatölum og úrkomu. Á skírdag er von á hvössum vindum og bleytu á Suðausturlandi en lítilli úrkomu á Norðausturlandi. Föstudagurinn og laugardagurinn eru mildari, væta öðru hverju víða um land,“ segir Haraldur Eiríksson, veðurfræðingur á Veðurstofunni, aðspurður hvar besta veðrið yrði um páskana.

„Það verður lítil úrkoma heilt yfir á föstudeginum langa, helst hérna sunnanlands og von á einhverri úrkomu á Vestfjörðum á laugardag.“

Eftir milda og þurra daga í Reykjavík undanfarna daga þurfa borgarþáttfarar að draga fram regnhlífina fyrir páskahelgina.

„Það er von á rigningu og talsverðum vindi á höfuðborgarsvæðinu í dag og einhverri vætu á föstudag og laugardag.“ ■

Fréttir fluttar yfir alla páskahelgina

gar@frettabladid.is

FJÖLMIDLAR Fréttablaðið kemur næst út á laugardag og síðan aftur á þriðjudaginn. Vakt verður alla páskahelgina á ritstjórn blaðsins á Hafnartorgi og nýjar fréttir birtar jafnóðum á vef blaðsins, frettabladid.is. Gleðilega páska! ■

ÁRÉTTING

Fyrirsögn fréttar í Fréttablaðinu í gær um verðlækkun þýskra banka skolaðist til og var ekki í samræmi við texta fréttarinnar. Ekki er rétt að kaup erlends verðbréfasjóðs í Íslandsbanka hafi haft áhrif á gengi hlutabréfa í þýskum bönkum. Sjóðurinn, sem er hluthafi í Íslandsbanka, seldi hluti í þýskum bönkum og hafði sala áhrif á gengi bréfa í þeim bönkum.

Fagur er hann jökullinn



Hið tvö hundruð metra langa herskip USS Arlington virtist nokkuð friðsælt þegar það sigldi um Faxaflóa í gær. Skipið tók þátt í heræfingu Atlantshafsbandalagsins, Norður-Vikingi, fyrr í vikunni. Sjóliðarnir þrjú hundruð um borð gátu virt fyrir sér Snæfellsjökul í sólarlaginu en skipið mun leggjast að Sundahöfn í dag og vera hér á landi yfir páskahelgina. Íslendingum verður boðið að skoða skipið á laugardaginn á milli kl. 9 og 16.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Uppsagnir byggi á faglegum grunni

sbt@frettabladid.is

KJARAMÁL Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segir uppsagnir á skrifstofu stéttarfélagssins ekki vera „hreinsun á óæskilegu fólki.“ Þetta kom fram í viðtali við hana í Kastljósi á RÚV í gær. Vissulega fælust róttækar breytingar í aðgerðinni en Sólveig sagði þær byggðar á faglegum og málefnalegum grundvelli. Hún ítrekaði að ekki væri um hefndaraðgerð að ræða. ■



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

Bríet undirbýr tónleika með nýtt leðurbelti frá Ameríku

Tónlistarkonan Bríet er stödd í Bandaríkjunum þessa dagana og nýtur lífsins. Hún ætlar að blása í tónleikapartí-lúðurinn og vipa upp verðlaunatónleikunum sínum að nýju í maí. Þangað til skoðar hún Bandaríkin og tekur þátt í lífsins amstri.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Ég er að biða eftir skal-anum. Fyrst stress, svo spennu, svo einbeiting og gleyma að njóta, svo kemur að show-inu, svo spennufall.“

Þannig að ég lít á þetta sem því-líkt tilfinningalega óreiðu sem ég hlakka til að takast á við,“ segir tónlistarkonan Bríet Ísis Elfar en vegna mikillar eftirspurnar ætla hún aftur að halda tónleika í Eldborg í Hörpu, 21. maí næstkomandi.

Tónleikarnir fengu verðlaunin Tónlistarviðburður ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum.

Bríet, sem stödd er í Ameríku, viðurkennir að það sé svolítið skrytið að halda tónleikana aftur en hún hafi viljað leyfa þeim sem misstu af að sjá og upplifa.

„Mér finnst það smá skritið að gera þetta aftur því yfirleitt klára ég verkefni og held svo áfram að því næsta. Núna fæ ég að bæta það sem mátti fara betur og fæ að upplifa þetta aftur svo mér finnst það mjög spennandi. Svo ég get bara sagt að ég hlakka til að fá að horfa í augun á fólki og njóta með því,“ segir hún.

Þegar Fréttablaðið náði tali af henni var hún í Kentucky en þar var hún að fara á tónleika með Kaleo þar sem kærasti hennar, Rubin Pollock, spilar á gítar. „Ég hitti átræðan mann hér í Louisville, Kentucky, sem hefur verið kúabóndi og unnið með leður alla



Bríet er stödd í Bandaríkjunum og hugar að því að halda verðlaunatónleikana sína að nýju í maí.

MYND/BOSEND

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



Ég hitti átræðan mann hér í Louisville, Kentucky, sem hefur verið kúabóndi og unnið með leður alla ævi. Hann handgerði leðurbelti handa mér.

Bríet Ísis Elfar

ævi. Hann handgerði leðurbelti handa mér. Fyrir fór ég að two-steppa á honkytonk í Nashville – svo fríið er yndislegt.“

Hún viðurkennir að henni takist ágætlega að dreifa huganum frá vinnunni þegar hún er í fríi. „Ég er í þannig vinnu að ég er að sinna henni allan sólarhringinn en ég fæ alla vega frí frá því að vera Bríet í smástund. Umhverfið hér er samt þannig að það er svo margt sem blæs í mann áhuga og togar í taugar sem fær mig til að setjast niður með pennann og skrifa um það. Svo ég gæti þurft að sætta mig við það að ég sé alltaf í vinnunni.“

Aðspurð segir hún að árið 2022 hafi meiri tónlist og meiri hamingju í kortunum. „Ég hlakka til ársins og að gefa meira af mér. Árið fram undan er þannig að ég sé bara fegurð fram undan, mikið ferðalag og meiri tónlist og ennþá meiri hamingju.“ ■



blómaval HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

Opið í dag

Skútuvogi, Grafarholti, Hafnarfirði, Selfossi, Akureyri, Ísafirði, Vestmannaeyjum og Egilsstöðum



Páskaliljur
Teta a tete, keramik pottar fylgja ekki. 10323020
799 kr



Túlípanar
10 stk.
1.990 kr



Páskaliljur
Afskornar, 10 stk., í búnti. 10000089
1.990 kr



Páskagreinar
Forsynthia. 10005895
1.490 kr



20%
Sýpris
80-100 cm.
1.990 kr
~~2.490~~ kr

Hjólin eru komin

Fyrir alla fjölskylduna

AUTHOR

Barnareiðhjól Energy
Stærð: 20" dekk, 10" grind með Silfurgrind og rauðum gaffli. Grind: 9", grind úr álblöndu 6061. Bremsur: Handbremsur Tektro V bremsur. Skipting: 6 gíra (Shimano). Dekk: 20" x 1,50", þyngd: 10,6 kg. 3901788



39.890 kr 20" reiðhjól Hentar 115-135 cm á hæð



15%
OUTBACK
Gasgrill
Graphite 3b
Grillflötur: 560x380 mm með þremur ryðfríum brennum og hliðarhellu, afköst 12,4 kW. 3000390
42.490 kr
~~49.990~~ kr



weber
Gasgrill Spirit II
Grillflötur: 60x44,5 cm, efri grind: 55,5x11,5 cm, 3 ryðfrír brenningar: 8,79 kW, pottjárns grillgrindur. 3000257
89.990 kr

Rafmagnsnuddpottar

Nokkrar gerðir, 4-6 manna



25%
Bergen
Rafmagnsnuddpottur
4 manna uppblásinn, 180x70 cm, 700 lítrar, þyngd tómur 37 kg, hitar allt að 38°, 118 stútar, þriggja þrepa nuddstillingar. 8089108
89.990 kr
~~119.990~~ kr



25%
Premium Camaro
Rafmagnsnuddpottur
6 manna uppblásinn, 204x70 cm, 930 lítrar. Þyngd tómur 35 kg, hitar allt að 40°, 138 stútar, þriggja þrepa stillanlegt nudd. 8089109
112.490 kr
~~149.990~~ kr



15%
cozze
Pizzaofn 13"
Búðu til þína eigin pizzu á 2 mínútum. Með breiðu opi og bökunarsteini, tekur 034 cm pizzur. 3002400
39.940 kr
~~46.990~~ kr

Nú er rétti tíminn til að klippa

20%



BLACK+DECKER
Rafmagnshekkklippur
500W, blað 50 cm, klippigeta 22 mm. 5083646
14.395 kr
~~17.995~~ kr

20%

afsláttur
af allri LADY málningu



Skannaðu kóðann og sjáðu tilboðin
Sjá afgreiðslutíma um páskana á husa.is



**Páska-
blómin**
eru komin

Segir seinagang á afgreiðslu Alþingis tefja sviðslistageirann

emd@frettabladid.is

ALÞINGI Frumvarp menningar- og viðskiptaráðherra um aukaúthlutun úr sviðslistasjóði og launasjóði sviðslistafólks, hefur enn ekki verið samþykkt á Alþingi, þrátt fyrir að almenn sátt virðist vera um frumvarpið eftir fyrstu umræðu í síðasta mánuði.

Aðgerðunum er ætlað að styðja við sjálfstætt starfandi listamenn og

tekur á tímabundinni fjölgun starfs-launa og styrkja til sviðslistafólks og tónlistarflytjenda. Styrkjunum átti að úthluta nú á vormánuðum, en miðað við núverandi stöðu er ljóst að einhverjar tafir verði þar á.

Erling Jóhannesson, forseti Bandalags íslenskra listamanna, segir seinaganginn á afgreiðslu og úthlutun slíkra styrkja tefja sviðslistageirann gríðarlega mikið. „Ég skil ekki af hverju þetta er ekki bara



Erling Jóhannesson, forseti Bandalags íslenskra listamanna

afgreitt. Þessi viðbót snýr að sjálfstætt starfandi sviðslistafólki og tónlistarfólki, sem er sá hópur sem var hvað viðkvæmastur á Covid-tímabilinu.“

Hann segir listafolk vera orðið langþreytt því erfitt sé að fara aftur af stað eftir svo langan þurrka-tíma í greininni. „Við sjáum það í gögnum Hagstofunnar að það er um 20 prósent brottfall af einyrkjum úr menningar- og listageiranum.

Við erum að missa þekkingu og mannafla úr greininum.“ Erling segist þó bjartsýnn á að þetta verði samþykkt þar sem eining sé um frumvarpið á þinginu. „Við eigum svo eftir að greina langtímaáhrifin, en á móti kemur að listamenn eru gegnumgangandi með ótrúlega aðlögunarhæfni og fljóttir að rjúka af stað.“

Frumvarpið er nú til meðferðar í allsherjar- og menntamálanefnd. ■



Bensínverð á Íslandi er í hæstu hæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bensíntankurinn á Íslandi á meðal þeirra dýrustu

kristinnhaukur@frettabladid.is

NEYTENDAMÁL Bensínverð á Íslandi er það áttunda hæsta í heimi samkvæmt ástralska greiningarfyrirtækinu Finder. Að fylla meðaltank fólksbíls, 50 lítra, kostar hér 14.600 krónur en meðalverð hvers bensín-litra var 292,7 krónur.

Langdýrasta bensínið er að finna í Hong Hong, en þar kostar tankurinn 18.500 krónur. Þá kemur Holland, Noregur, Mónakó, Ísrael, Simbabve og Finnland, áður en kemur að Íslandi.

Heimsmarkaðsverð á olíu hefur rokið upp í vetur og stríðið í Úkraínu hefur ekki gert neitt til að draga úr þeirri hækkun. Bensínverð á Íslandi hefur aldrei verið hærra en nú.

Meðalverð tanksins er um 8.700 krónur í því 171 landi sem greiningin nær til. Í Kína kostar hann 9.400 krónur, í Bandaríkjunum 7.800 krónur og í Rússlandi aðeins 4.000 krónur.

Ódýrasta bensínið er í Venesúela en þar kostar heilar 160 krónur að fylla tankinn. Venesúela er olíuríki og þar hefur stjórn sósíalista niðurgreitt bensín í áratugi. Svipað verð má finna í Líbíu og Íran en í Sádi-Arabíu, mesta olíuvinnsluríki heims, kostar tankurinn tæpar 4.000 krónur. ■

Sósíalistaflokkurinn vill breytingar á launastrúktúr í Ráðhúsi Reykjavíkur

Oddviti Sósíalistaflokksins í borgarstjórn segir mikilvægt að ræða launabil starfsfólks í Ráðhúsi Reykjavíkur, líkt og nú er verið að gera á skrifstofu Eflingar.

odduraevar@frettabladid.is

REYKJAVÍK „Ef fólk er ekki tilbúið til að hækka lægstu laun þá finnst mér að við þurfum að fara hina leiðina,“ segir Sanna Magdalena Mörtudóttir, oddviti Sósíalistaflokksins í borgarstjórn, sem kveðst lengi hafa talað fyrir breyttum launastrúktúr í Ráðhúsinu.

Flokkssystir Sönnu í Sósíalistaflokknum, Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, stendur ásamt meirihluta í stjórn stéttarfélagins fyrir breytingum á launauppbyggingu á skrifstofu félagsins. Hefur starfsfólki skrifstofunnar nú verið sagt upp og hefur Sólveig Anna sagt að innleidd verði ný ráðningarkjör með gagnsæi og jafnrétti að leidarljósi.

„Ég viðurkenni bara að ég hef ekki náð að fylgjast með öllum nýjustu fréttum af Eflingu, þannig að ég get ekki tjáð mig um það,“ segir Sanna spurð hvort hún hafi sambærilegar hugmyndir um launastrúktúr í Ráðhúsinu og Sólveig Anna á skrifstofu Eflingar.

„En varðandi Ráðhúsið þá hef ég sem borgarfulltrúi lagt til að við tökum umræðu um launabil og allavega ræðum það sem við teljum vera ásættanlegt launabil innan Ráðhússins,“ segir Sanna.

Hún segist hafa lagt fram tillögu í borgarstjórn um að launabil þrjár á móti einum yrði skoðað. „En ég var opin fyrir því að ræða eitthvert annað launabil ef fólk í myndist þetta ekki í lagi, þannig að hæstu laun



Sanna Magdalena gefur áfram kost á sér í borgarstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

yrðu aldrei hærri en þreföld lægstu laun,“ útskýrir Sanna.

Hún segir ekki hafa verið mikinn vilja til að ræða það innan borgarstjórnar og málið verið afgreitt þannig að þetta væri ekki rétti vettvangurinn til umræðu um málið.

„En ég hugsa með mér, ef borgarstjórn getur ekki rætt þessi málefni, hvar eigum við þá að ræða þau? Það hefur verið rekin láglaunastefna í Reykjavíkurborg og ef við ætlum að hafa þessi lágu laun, er þá edlilegt að borgarstjóri sé með yfir tvær milljónir?“

Sanna segir mikilvægt að samhengið sé skoðað. Talað sé um að mikilvægustu störf hjá Reykjavíkurborg séu umönnunarstörf. Störf á leikskólum og frístund til dæmis. „En við vitum að fólk í þessum störfum nær ekki að láta enda ná saman á þessum lágu launum,“

segir hún og bætir við: „Þurfum við þá ekki einmitt að ræða hvar við teljum ásættanlegt að hafa þetta launabil, á sama tíma og við erum með stjórnmalafólk sem er með himinhá laun og fær hækkanir tvisvar á ári, án þess að við biðjum um það, því það gerist sjálfkrafa út frá hækkun á launavísitölu?“

Sanna segist hafa lagt fram tillögu í apríl 2020 um að laun borgarfulltrúa myndu ekki hækka sjálfkrafa á þennan hátt. „Sú tilgáta hefur enn ekki verið afgreidd,“ útskýrir Sanna.

„Mér finnst edlilegt að við skoðum samhengi hlutanna, að þegar við erum með fólk sem er með há laun og á sama tíma erum við sem launagreiðandi að greiða fólk mjög lág laun og lága fjárhagsaðstoð sem ekki er hægt að lifa á, þar sem fólk þarf að leita til góðgerðarfélaga til



Mér finnst harkalegt að fólk geti ekki borðað út mánuðinn og að foreldrar geti ekki leyft börnunum sínum að æfa íþrótt.

Sanna Magdalena Mörtudóttir, borgarfulltrúi Sósíalistaflokksins

af fá mat, þá finnst mér edlilegt að við ræðum þetta samhengi. Hvað finnst okkur ásættanlegt?“

Spurð út í tíðindin af skrifstofu Eflingar og hörkuna í umræðunni og hvort Sanna óttist hið sama yrði hún borgarstjóri og myndi grípa til sambærilegra breytinga á launastrúktúr, segir Sanna sína baráttu snúast um fólk sem hefur það verst.

„Ef við færum fókussinn þangað þá eru það raddir fólksins sem hefur þurft að neita sér um mat síðustu daga mánaðarins, fólk sem hefur þurft að velja á milli þess að greiða reikninga eða kaupa lyf,“ segir Sanna.

Aðspurð segir Sanna að sér finnst ekkert harkalegt við að endurskoða mál þeirra starfsmanna sem hafa eina milljón eða jafnvel tvær milljónir á mánuði í laun. „Mér finnst harkalegt að fólk geti ekki borðað út mánuðinn og að foreldrar geti ekki leyft börnunum sínum að æfa íþrótt. Mér finnst það vera það harkalega í þessu, að við séum með allan þennan pening í þessu samfélagi og við erum ekki að leyfa fólk að njóta góðs af því vegna þess að við erum með svo mikla stétta-skiptingu.“ ■



FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum og felgum fyrir fólksbíla, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíla. Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði.

Gott úrval af dekkjum og felgum.

Hér fyrir neðan má sjá verðdæmi um dekk og felgur í boði:

Dekkja- og felgugangar:

32" 255/75R17 - 199.000 kr.

33,5" 285/60R20 - 199.000 kr.

33" 275/70R18 - 179.000 kr.

Dekkjagangur:

32" 255/75R17 - 69.960 kr.

30,5" 285/60R20 - 79.600 kr.

33" 275/70R18 - 79.600 kr.

Fleiri stærðir í boði. Uppgefið verð er heill umgangur eða 4 stk með vsk.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 590 2323



ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00



Opnunartími um PÁSKANA

14. APRÍL

SKÍRDAGUR

OPIÐ!

15. APRÍL

FÖSTUDAG-
URINN LANGI

OPIÐ!

17. APRÍL

PÁSKADAGUR

OPIÐ!

18. APRÍL

ANNAR
Í PÁSKUM

OPIÐ!

21. APRÍL

SUMAR-
DAGURINN
FYRSTI

OPIÐ!

Það er í takt við tímann
að nýta tímann sinn vel.
Ekki bíða í röð.

Verslaðu vínið
hjá okkur.

Frí heimsending, pantaðu
fyrir kr 25.000 eða meira
og fáðu sent samdægurs

 **Nýja Vínbúðin**

www.nyjavinbudin.is

Seldu íslenskt þorskröll

kristinnhaukur@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Íslenskt þorskerlíki er vóg 51 kílógramm og var 180 sentimetrar að lengd var selt á 165 pund, eða um 28 þúsund krónur, á fiskmarkaðinum í Grimsby fyrir skemmstu. Þorskurinn var veiddur af Bergey, togara Síldarvinnslunnar, við vesturströnd Íslands í lok mars.

Mikill fjöldi var samankominn til að líta á ferlikið þegar það kom á markaðinn þann 2. apríl og var það fiskkaupmaðurinn Nathan Godley sem reiddi fram seðlana. Godley lét mynda sig með þorskinum stóra og stillti honum svo upp í glugga ver slunar sinnar í Grimsby áður en hann bútaði hann niður og seldi til viðskiptavina. Samkvæmt staðarblöðum í Grimsby viðurkenndi Godley að hafa yfirborgað fyrir þorskin, en tækiferið hefði verið of gott til að sleppa því.

„Ferskleikinn heillaði mig en vitaskuld snerust þessi kaup um stærðina. Hann var tíu sinnum stærri en venjulegur þorskur,“ sagði Godley við blaðið Leicestershire Live.

Þorskurinn, sem var sennilega um 20 ára gamall, var jafn þungur og þorskur sem áhöfnin á Sólrúnu frá Árskógssandi veiddi við Kolbeinsey fyrir tæpu ári. Vegna þess-



Áhöfnin á Bjarney dró ferlikið um borð. MYND/SÍLDARVINNSLAN

ara risafiska hefur hámarksþyngd þorsksins verið uppferð á alfræðisíðunni Wikipedia úr 40 kílóum í 50.

Samkvæmt Vísindavef Háskóla Íslands er talið að stærsti þorskur sem veidst hafi við Íslandsstrendur, árið 1941 á Miðnessjó, hafi verið í kringum 60 kíló. En það hefur ekki fengist staðfest. Stærri þorskar hafa veidst í Atlantshafi, sá stærsti sem vitað er um í kringum 70 kíló við Nýfundnaland. ■

Vilja leggja ferjunni Baldri fyrir fullt og allt

benediktboas@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Í ljósi umfjöllunar um ferjuna Baldur í þætti Kveiks sendu sveitarfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur frá sér yfirlýsingu, þar sem þau krefjast þess að ferjunni verði lagt fyrir fullt og allt.

Í þættinum var ómurlegt ástand skipsins sýnt, bæði hvað varðar öryggismál sem og almennan aðbúnað.

Sveitarfélögin hafa ítrekað bent á þá staðreynd fyrir daufum eyrum að ferjan uppfylli ekki þá öryggisþætti og aðbúnað sem nútíma ferja á að gera. „Öryggi farþega og áhafnar er stefnt í hættu alla daga og krefjast sveitarfélögin þess að samstundis verði brugðist við og ráðstafanir gerðar,“ segir í yfirlýsingunni. Sveitarfélögin fagna því að byrjað sé að teikna nýja ferju en slík áform hafa ekki verið kynnt fyrir þeim.



Sveitarfélögin vilja leggja Baldri fyrir en áætlað er. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í þættinum kom fram að hafin væri endurhönnun á ekjubrúum á Brjánslæk og í Stykkishólmi og stefnt væri að því að Herjólfur III. gæti hafið siglingar á haustmánuðum 2023. Það finnst sveitarfélögum of langur tími.

„Sveitarfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum krefjast þess að nauðsynlegar framkvæmdir verði settar í algjöran forgang og farið verði af stað með þær strax, svo hægt verði að leggja núverandi ferju fyrir fullt og allt,“ segir í yfirlýsingunni. ■



Oliúvarnir eru minni hjá Ícelandair en áður og engar hjá Play.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Flugfélögin setja hækkun á eldsneyti út í flugmiðann

Flugvélabensín hefur tífaldast í verði á tveimur árum. Oliúvarnir Ícelandair eru minni en áður og engar hjá Play. Eftirspurnin er mikil eftir faraldur en miðarnir hækka í verði.

kristinnhaukur@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Verð á flugvélabensíni í Evrópu hefur næstum tífaldast undanfarin tvö ár. Í maí árið 2020 kostaði hvert gallon 41 bandarískt sent en kostaði 390 um mánaðamótin samkvæmt skýrslu Eurocontrol, flugöryggisstofnunar Evrópu.

„Við skarpa hækkun oliúverðs í tengslum við stríðið í Úkraínu hækkaði Ícelandair oliúgjald sitt og sú hækkun hefur farið út í flugmiðann,“ segir í svari Ícelandair við fyrirspurn Fréttablaðsins um hvernig flugfélagið hafi tekist á við þessa miklu hækkun. Ekki hefur þurft að fella niður flug vegna kostnaðar.

Helsta vopn Ícelandair gegn sveiflum á eldsneytismarkaði hefur verið svokallaðar oliúvarnir, það er að gera langtímasamninga til að auka á fyrirsjáanleikann. Ícelandair hætti þessum vörnum þegar heimsfaraldurinn stóð sem hæst, vegna mikillar óvissu um flugáætlunina. Eftir að faraldurinn létti hefur félagið byrjað varfærnislega að



Flugvélabensín hefur hækkað úr 41 senti á gallon í 390 á tæpum tveimur árum.

auka oliúvarnir. Hefur það tryggt sér fjórðung af áætlaðri oliúnotkun annars ársfjórðungs og fimmtung af áætlaðri notkun þriðja ársfjórðungs á tilteknu verði.

Flugfélagið WOW Air hafði engar oliúvarnir og spilaði eldsneytisverð stóran þátt í að illa fór fyrir því. Flugfélagið Play hefur enn ekki komið sér upp oliúvörnum.

„Mjög fáir okkar samkeppnisaðila hafa einhverjar varnir að ráði. Því munu þessa hækkunir veltast út í verðin eins og í öðrum vörflokkum,“ segir Nadine Guðrún Yaghi, upplýsingafulltrúi Play. Verð á hverjum miða þurfi kannski að hækka um 20 dollara, eða um 2.500 krónur, til að mæta þessu. „Það er erfitt að setja varnir þegar verð sveiflast svona mikið. Þannig að já, verð munu hækka.“

Í svörum frá bæði Ícelandair og Play kemur hins vegar fram að far-

þegum sé að fjölga mikið þessa dagana. Ferðaviljinn sé mikill eftir langvinnan faraldur.

Á árunum fyrir faraldur, 2017 til 2019, var verð á flugvélabensíni yfirleitt á bilinu 120 til 200 sent á galloni en hrapaði í faraldurinum. Þegar heimurinn kom úr hægagangi faraldursins hækkaði verðið hratt og stríðið í Úkraínu hefur spýtt því upp enn frekar. Sögulega séð, þegar verðbólga er tekin með inn í reikninginn, hefur oliúverð aldrei verið hærra nema í oliukrisunni árið 1979 og á árunum eftir bankahrunið árið 2008.

Óvissan um framboð oliú er það sem hefur hvað mest áhrif á verðið en Rússland er þriðja stærsta oliúframleiðsluríki heims. Upp úr brunnum í Rússlandi kemur einnig súrari og „þyngri“ hráolia sem hentar betur til framleiðslu flugvélabensíns. Verðhækkunin í Norður-Ameríku er hins vegar meiri en í Evrópu þrátt fyrir að Bandaríkjamenn kaupir lítið af oliú af Rússum.

Önnur oliúríki hafa verið óviljug til að auka við framleiðsluna og tæknilega er erfitt að auka hana hratt. Þá hafa fjárfestar verið tregir til að fara inn á oliúmarkaðinn undanfarin ár af ótta við að „öhrænka sig“ af umhverfisástæðum og hafa þeir haft litla trú á að fjárfestingarnar borgi sig þótt verði sé hátt ákkurat nú. ■

Dúkaloft

Parki
INTERIORS

Dúkaloft gefur **hljóðvist** algjörlega nýja merkingu

Komdu við í sýningarsal okkar að **Dalvegi** og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf



Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi • 595 0570



Finndu okkur á **Facebook!**
facebook.com/Parki.interiors



Kauptu Myllu
hamburgara-
kartöflubrauð fyrir
þína hamburgara

Á Íslandi er alltaf tími til að grilla

Þéttari og mýkri hamburgarabrauð!

Auðvitað er ekkert betra en eka íslenskt grill – íslenskt brauð, íslenskt kjöt og íslenskt veður. Gerðu hamburgarann meira djúsi, kauptu Myllu hamburgara**kartöflu**brauð fyrir þína hamburgara, strax í dag. Tendraðu grillið.



Vertu glaður í bragði og fáðu þér Myllu pylsu**kartöflu**brauð fyrir pylsumar



Alltaf nýbakað
síðan 1959

Jóhannes S. Kjarval (gjarnan figúratíva mynd)

Svavar Guðnason | Alfreð Flóki

Gríma (Ólöf Grímea Þorláksdóttir / blómamynd)

Fjársterkir aðilar eru að leita að listaverkum eftir framangreinda listamenn.

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Ágúst Hansen í síma 8450450. - fold@myndlist.is

Fold uppboðshús ehf. | Rauðarárstíg 12-14.



/Augljós



Fríar forskoðanir
fyrir laseraðgerðir
út apríl

Tímamantanir 414 7000

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Tók strax að draga úr skjálftavirkni

kristinnpall@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ Sigríður Kristjánsdóttir, náttúruvæðingur hjá Veðurstofu Íslands, segir að þó að það sé erfitt að spá fyrir um skjálftavirkni virðist sem svo að hlutirnir séu teknir að róast á Reykjanes-skaga. Um hádegisbilið í gær höfðu 640 skjálftar mælst í jarðskjálftahrinunni sem hófst á þriðjudaginn.



Um 640 skjálftar mældust á fyrstu fimm-tán klukkutímum.

„Þetta hefur aðeins verið að róast. Það koma oft svona stuttar skjálftahrinur á Reykjanesi sem taka fljótt af,“ segir Sigríður.

Veðurstofunni bærust tilkynningar víða af Reykjaneskaganum og af höfuðborgarsvæðinu um að fólk hefði fundið fyrir stærstu skjálftunum en jarðskjálftarnir eru í talsverðri fjarlægð frá Geldingadölum þar sem eldgos stóð yfir á síðasta ári.

„Þetta hefur verið alveg út við tana á Reykjanesi og ég á ekki von á því að íbúar á Reykjaneskaga finni fyrir mikilli skjálftavirkni um helgina,“ segir Sigríður, aðspurð hvort íbúar Reykjanesbæjar ættu von á mikilli skjálftavirkni um helgina. ■



Afglæpavæðing neysluskammta er til skoðunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kristjáni boðið í starfshóp um afglæpavæðingu

Kristján Hölluson hefur fengið sæti í starfshóp um afglæpavæðingu neysluskammta. Hann er glaður yfir ákvörðuninni og telur þetta vera merki um viðhorfsbreytingu stjórnvalda gagnvart notendum.

benediktarnar@frettabladid.is

FÍKNIEFNI „Þetta er eiginlega stærsti heiður sem maður hefur fengið, að fá að taka þátt í þessum starfshóp,“ segir Kristján Hölluson, fyrrum vímuefnanotandi í bata, sem fékk nýverið sæti í starfshópi Willums Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra um afglæpavæðingu neysluskammta.

Kristján hafði kallað eftir því að einhver sem hefði persónulega reynslu af neyslu fengi að vera hluti af starfshópnum.

„Mér finnst ekki í lagi að það sé enginn þarna inni sem hefur upplifað þetta sjálfur og skilur raunverulega hvernig það er að vera í þessari stöðu,“ sagði Kristján í viðtali við Fréttablaðið þann 22. mars síðastliðinn.

Í dag er hann orðinn hluti af starfshópnum og kveðst vera í skýjunum yfir því.

„Ég hringdi í heilbrigðisráðuneytið og sendi tölvupóst þar sem ég gaf kost á mér. Þar sagði ég frá persónulegri reynslu af þessum heimi, bæði sem notandi og sem starfsmaður í úrræðum fyrir fólk í neyslu,“ segir Kristján, aðspurður hvernig hann fékk boð um að koma í starfshópinn.

Í síðustu viku barst honum svar um að hann hefði verið samþykktur í starfshópinn.

„Ég held að fólk í hópnum sé ánægt með þetta, enda er hann vel skipaður af góðu fólki. Ég þekki einhverja í þessum hóp og ég veit að þau voru ánægð með að ég komst inn,“ segir hann.

Ásamt Kristjáni mun Guðmundur Afstöðu, einnig koma að starfshópnum.

„Guðmundur er í hópnum á sömu forsendum og ég, í notendasmráði. Hann hefur persónulega



Einstaklingar sem hafa slíka reynslu búa yfir mikilli þekkingu og það skiptir máli að hlusta á þá.

Kristján Hölluson

reynslu af málefni og ég er rosalega spenntur að fá að vinna með honum og öllum í þessum hóp. Það er mikill heiður,“ segir Kristján.

„Þetta er rosalega stórt skref í viðhorfsbreytingu stjórnvalda gagnvart þessu mikilvæga málefni,“ segir Kristján um þá þróun að hlusta sé á neytendur varðandi þeirra málefni.

„Það hefur alltaf verið venja að tala um þennan hóp án þess að tala við hann,“ segir hann og kveðst vera glaður með þessa ákvörðun. „Ég er mjög ánægður með heilbrigðisráðuneytið að hafa tekið þessa ákvörðun. Þetta boðar rosalega gott.“

„Það væri fínt að negla þetta frumvarp niður,“ segir Kristján og segir að nú sé kominn tími á breytingu. „Það þarf að fara koma hlutum í gegn, það er afleitt að þetta sé ekki komið lengra en raunin er. Vonandi fer þetta loksins að gerast.“

„Þegar ég var í neyslu þá var ég ekki í skóla, ég var ekki í vinnu, það eina sem ég gerði var að neyta fíkniefna. En reynsluna af þessum fíkniefnaheimi setur þú ekkert í ferilskrána þína. Þetta er lífsreynsla sem er frekar einstök á sinn hátt,“ segir Kristján.

Hann telur sig geta komið með mikla reynslu í starfshópinn.

„Einstaklingar sem hafa slíka reynslu búa yfir mikilli þekkingu og það skiptir máli að hlusta á þá.“ ■

OPIÐ ALLA DAGA

YFIR PÁSKANA Í AUSTURVERI

Kæru viðskiptavinir.

Við höfum opið í Apótekarinum Austurveri til miðnættis alla páskana. Verið velkomin og gleðilega páska.

OPIÐ TIL
24
ALLA DAGA

Verið velkomin

DVERGARNIR[®]

AUÐVELT, FLJÓTLEGT OG ÖFLUGT
BYGGINGAKERFI

Bestu undirstöðurnar fyrir
SÓLPALLINN
SUMARHÚSIÐ
GIRÐINGUNA



NÝ VEFVERSLUN
dvergarnir.is

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND
ÞEGAR VERSLAÐ ER Á DVERGARNIR.IS

Við framleiðum lausnir

ÍSLANDSHÚS



Sími 577 6700 / islandshus@islandshus.is / www.islandshus.is



Karl Sigurbjörnsson, þáverandi biskup Íslands, og Geir Waage sóknarprestur ræðast við á Biskupsstofu árið 2010

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Rithöfundurinn Guðbergur Bergsson á heimili sínu árið 2014. Tilefni myndatökunar var útgáfa Litlu hugsanabókarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ljósmyndasafnið kemur fyrir augu almennings

Stafrænt ljósmyndasafn Fréttablaðsins frá 2002 hefur verið afhent Ljósmyndasafni Reykjavíkur til varðveislu og mun verða aðgengilegt almenningi þar héðan af.

tsh@frettabladid.is

Gunnar V. Andrésson er einn þekktasti blaðaljósmyndari Íslands og starfaði sem ljósmyndari á Fréttablaðinu frá 2003 til starfsloka 2018. Hann fagnar því að ljósmyndasafn Fréttablaðsins sé komið í öruggar hendur hjá Ljósmyndasafninu.

„Þetta er ansi skemmtilegt og gott að vita til þess að þetta sé í góðri vörslu hjá alvöru fyrirtæki, sem er Ljósmyndasafn Reykjavíkur, það skiptir okkur miklu máli,“ segir hann.

Spurður um hvernig það hafi komið til segir Gunnar, eða GVA eins og hann er oft kallaður:

„Ljósmyndasafn Reykjavíkur tók að sér að varðveita gamla DV- og Vísis-safnið sem nær aftur til um 1960 ef allt er tekið. Takan á stafrænu myndinni hófst 2002 á Fréttablaðinu og sá hluti myndasafnsins er að koma á Ljósmyndasafn Reykjavíkur núna og verður öllum aðgengilegur.“

Hér má sjá sérvalin brot frá ljósmyndurum Fréttablaðsins úr rúmlega tuttugu ára sögu blaðsins. Þar á meðal er sögufræg mynd GVA af fundi Geirs Waage sóknarprests og Karls Sigurbjörnssonar, þáverandi biskups Íslands, á Biskupsstofu árið 2010.

„Þetta er bara saga þjóðarinnar í ljósmyndum eins og hún leggur sig frá um 1970,“ segir Gunnar. ■



Þetta er bara saga þjóðarinnar í ljósmyndum eins og hún leggur sig.

Gunnar V. Andrésson



Guðni Th. Jóhannesson fagnar sigri í forsetakosningunum 25. júní 2016 ásamt eiginkonu sinni Elízu Reid og börnum þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lögregla var með mikinn viðbúnað á bensinstöð Olís við Rauðavatn vorið 2008 þegar vörubilstjórar mótmæltu hækkanði eldsneytisverði. Táragsi og piparúða var meðal annars beitt á mótmælendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Eldgosið í Eyjafjallajökli 2010 var einn af stórviðburðum síðasta áratugar. Ísland komst í heimsfréttirnar eftir að flugsamgöngur lögðust niður í Evrópu dögum saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Almenningur mótmælti fyrir utan Alþingi mánuðum saman í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Á myndinni má sjá eitt af þekktustu slagorðum búsáhaldarbyltingarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Opið í dag Skírdag

10-20

allar verslanir



Opið á morgun
Föstudaginn langa
10-20

Í eftirtöldum verzlunum:

Fiskislóð - Grandi

Helluhraun - Hafnarfirði

Langholt - Akureyri



Selfoss

Smáratorg

Skeifan

Spöng

Lokað í öðrum verzlunum



BÓNUS



Forstjóri Bankasýslunnar segir ekkert að fela

Forstjóri Bankasýslu ríkisins segir að salan á 22,5 prósentu hlut ríkisins í Íslandsbanka hafi gengið framur vonum. Hann sé reiðubúinn að svara allri gagnrýni. Bankasýslan hafi ekkert að fela. Hann telur mikilvægt að fá fram niðurstöðu Ríkisendurskoðunar áður en lengra er haldið.

ggunnars@frettabladid.is

Í allri orrahriðinni um sölu á 22,5 prósentu hlut ríkisins í Íslandsbanka þann 22. mars síðastliðinn hafa spjótin meðal annars beinst að stjórn Bankasýslu ríkisins og Jóni Gunnari Jónssyni forstjóra. Stofnunin hefur verið harðlega gagnrýnd fyrir sína aðkomu að málinu, meðal annars af þingmönnum og ráðherra.

Jón Gunnar segist sannfærður um að það sé ekkert við aðkomu stofnunarinnar að athuga.

Útboðið hafi verið vel heppnað og í fullu samræmi við minnisblað sem lagt var fyrir ráðherra og nefndir Alþingis í janúar. Hann sé reiðubúinn að svara allri gagnrýni efnislega. Mikilvægt sé þó að hafa í huga að fjárhagsleg niðurstaða útboðsins hafi verið betri en búist var við. „Þetta fór nákvæmlega eins fram og við höfðum lýst,“ segir Jón Gunnar.

Hann segir að þingmenn verði sjálfir að svara fyrir það af hverju athugasemdir varðandi sölu komu ekki fram þegar málið var til



Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslunnar, er hæstánægður með sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka.

MYND/
HRINGBRAUT

við útboðið sem hefur verið gagnrýnd. Þingmenn hafa fundið að því að ekki hafi verið gert ráð fyrir lágmarksupphæð í útboðinu.

Jón Gunnar svarar því til að þetta sé raunar spurning sem ætti að beina að þingmönnum sjálfum. „Það er þeirra að spyrja spurninganna í þessum aðstæðum.“ Að hans mati geti vel verið að einhver skilyrði um lágmarksfjárhæðir, eins og talað hefur verið um, hefðu getað komið í veg fyrir að minni fjárfestar væru á meðal þeirra sem tóku þátt í útboðinu.

Slik skilyrði geti þó skapað önnur vandamál og beinlínis unnið gegn markmiðum um dreift eignarhald og opið söluferli. Hann segir mikilvægt að hafa í huga að það sé ekki Bankasýslunnar að ákveða hverjir teljist fagfjárfestar. „Það er á foræði fjármálafyrirtækjanna sjálfra. Allir þeir sem flokkuðust undir þessa skilgreiningu og uppfylla skilyrði útboðsins gátu tekið þátt,“ árettar Jón Gunnar.

Um frekari sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka segir Jón Gunnar ljóst að Bankasýslan muni biða eftir niðurstöðu Ríkisendurskoðunar, sem falið hefur verið að fara í saumana á söluinni. Hann segist fagna athuguninni, sem og fyrirhugaðri rannsókn Fjármálaeftirlitsins. Einkum og sér í lagi á þeim þáttum sölumæðferðarinnar sem snúi að fjármálafyrirtækjum.

„Ég held það sé rétt að biða með næstu skref þangað til niðurstöður þessara tveggja kannana liggja fyrir.“ ■

meðferðar í nefndum og fyrirkomulagið kynnt. „Efnislega er mjög erfitt að taka undir það að ferlið hafi verið með einhverjum öðrum hætti en það var kynnt í upphafi,“ segir Jón Gunnar.

Bankasýslan hefði vissulega getað staðið betur að því hvernig upplýsingum var miðlað til almennings, að mati hans. Á sama tíma bendir hann á að við framkvæmdina hafi Bankasýslan birt mun ítarlegri gögn en gengur og gerist erlendis. „En ef við lítum á stóru myndina þá erum við að tala um þriðja stærsta hlutafjárútboð Íslandssögunnar. Ríkissjóður hefur aflað tæplega 110 milljarða með þessari sölu á síðustu 9 mánuðum,“ segir Jón Gunnar.

Bjarni Jónsson, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar græns

”

Þingmenn verða sjálfir að svara fyrir það af hverju athugasemdir komu ekki fram þegar fyrirkomulagið var kynnt.

framboðs, hefur gengið einna lengst í gagnrýninni á Bankasýsluna. Hann hefur krafist þess að stjórn og forstjóri stígi til hliðar. Jón Gunnar segir þingmanninn aldrei hafa sett

síð í samband við Bankasýsluna til að reyna að afla frekari upplýsinga um ferlið eða sölu. Hann segist ekki átta sig á því hvað búi að baki þessari kröfu Bjarna.

Jón Gunnar telur gæta nokkurs misskilnings varðandi fyrirkomulag útboðsins. Farin hafi verið sú leið að leita til fagfjárfesta með tilboðsfyrirkomulagi. Sú leið hafi verið talin heppileg þar sem eitt af markmiðunum var að fá verð fyrir hlutinn í bankanum sem væri sem næst markaðsverði.

Á sama tíma væri tilboðsleiðin best til þess fallin að lágmarka áhættu ríkissjóðs. Hann bendir á að þetta tiltekna fyrirkomulag sé langalgengasta útboðsleiðin víða um Evrópu.

En það er ekki bara aðferðafræðin

Spá Arion banka bjartsýnni en spár annarra greiningaraðila

magdalena@frettabladid.is

Arion banki spáir 5,5 prósentu hagvexti á árinu og er sú spá bjartsýnni heldur en spár annarra greiningaraðila. Þetta kom fram í viðtali við Ernu Björgu Sverrisdóttur, aðalhaf fræðing Arion banka, í Markaðnum sem sýndur var á Hringbraut í gærkvöldi.

Erna segir að það séu fyrst og fremst tveir þættir sem gera það að verkum.

„Við erum að gera ráð fyrir meiri innlendri eftirspurn heldur en aðrir hafa verið að gera ráð fyrir. Síðan erum við tiltölulega bjartsýn á fjölda ferðamanna sem koma hingað til lands á árinu en við erum að spá að 1,6 milljónir ferðamanna muni sækja landið heim í ár.“

”

Við erum að gera ráð fyrir meiri innlendri eftirspurn heldur en aðrir hafa verið að gera ráð fyrir.

Arion er að spá minni hagvexti en bankinn gerði ráð fyrir í síðustu hagspá sinni.

Erna segir að ástæðan fyrir því að bankinn spái minni hagvexti nú en áður, sé fyrst og fremst meiri innlend eftirspurn.

„Það myndu flestir halda að við



Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhaf fræðingur Arion banka

MYND/HRINGBRAUT

og áður.“ Erna bætir við að staðan á íbúdamarkaði sé erfið eins og sakir standa.

„Staðan er auðvitað erfið en það eru jákvæð teikn á lofti og fleiri íbúðir á fyrstu byggingarstigum sem er mjög jákvætt. Þó verður að hafa í huga að það tekur tíma fyrir þetta framboð að koma inn á markaðinn, eða 1-2 ár. Í okkar spá gerum við ráð fyrir að íbúðum muni fjölga út spátímann, en að fjárfestingin komist ekki almennilega á skrið fyrr en á næsta ári. Á sama tíma er eftirspurnarhlíðin mjög sterk. Líklega verður áfram eftirspurnarþrýstingur á markaðnum, þrátt fyrir aðgerðir Seðlabankans til að stemma stigið við verðlækkunum, enda fólksfjölgun mikil og laun að hækka. ■

séum að spá minni hagvexti út af stríði í Evrópu og uppgangi Covid í upphafi árs. En það eru ekki bara versnandi efnahagshorfur sem spila hér inn í, heldur þvert á móti erum við að gera ráð fyrir meiri inn-

lendri eftirspurn, meiri einkaneyslu og meiri fjárfestingu. Það kallar á gríðarlega mikinn innflutning þannig að framlag utanríkisverslunar til hagvaxtar verður minna, eða réttara sagt ekki jafn hagfellt

NÚ MEGA VETRARDEKKIN FJÚKA

Bókaðu tíma á **klettur.is**

GOODYEAR


KLETTUR



Lyfjaval

Apótek

Bílaapótekið Hæðasmára
opið alla páskahelgina



Bílaapótekið Hæðasmára **Opið 10 – 23 alla daga**

Apótek Suðurnesja og Lyfjaval í Mjódd:

Opið laugardaginn 16. apríl frá kl. 12 til 16

Á ábyrgð VG



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Nýafstaðin sala á hlut þjóðarinnar í Íslandsbanka er dapurlegur vitnisburður um vanhæfa seljendur, hvort heldur er á vegum Bankasýslu ríkisins eða fjármálaráðuneytisins.

Val á kaupendum, sem margir hverjir hafa leyst út skjótfenginn hagnað sinn á undraskömmum tíma, er bæði óskiljanlegt og ógagnsætt. Voru þó vitin næg til að varast.

Háttsemi þessara höndlara er þeim mun sárari fyrir þjóðina þegar í ljós kemur að þeir taka út gróða sinn á kostnað íslenskra lífeyrissjóða sem hefðu viljað kaupa stærri hlut í bankanum, en fengu ekki, sakir einstaklinga sem ætluðu sér aldrei annað en að njóta langsamlega hæsta tímakaups sem stjórnvöld hafa nokkru sinni boðið yfir eina nótt.

Fagfjárfestar sem ætluðu sér að eignast hlut í bankanum til langs tíma voru augljóslega ekki í forgangi við undirbúning sölunnar, heldur lukkuriddarar götunnar sem hlæja nú upp í opið geðið á þjóðinni.

Ábyrgð fjármálaráðherra á þessu klúðri er mikil. En hann getur þó falið sig á bak við eigin pólitík sem gengur út á að koma eignum ríkisins til einkaaðila.

Ábyrgð forsætisráðherra er enn meiri, en Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, mun verða minnt á þessa sölu það sem eftir lifir kjörtímabilsins – og raunar enn lengur, enda er hér kominn vitnisburður um raunverulega pólitík hennar í verki.

Það er með ólíkindum að forkólfar vinstri-sinnaðs flokks á borð við VG reyni að verja gjörning af þessu tagi sem misbýður sennilega stærstum hluta þjóðarinnar. Það er jafnvel með enn meiri ólíkindum að svokallaðir sósíalistar af þessu tagi standi fyrir kapítalískri spillingu af sömu gerð og flokkur þeirra var stofnaður til að berjast gegn.

Undarlegast af öllu er að enginn úr þeirra hópi hafi hreyft við mótbárum í aðdraganda sölunnar – og að það hafi aðeins verið ráðherra Framsóknarflokksins sem hafi barið í borðið, að því er virðist í tilviki Lilju Alfreðsdóttur.

Og jafnvel er það allra undarlegast við þennan görötta gjörning að varla eða ekki heyrst bofs innan úr sellum sósíalastanna sem enn þá telja sig vera félagsmenn í VG. Þeir þegja bara þunnu hljóði – og ekki er einu sinni vitað hvort þeir skammist sín. Kannski finnst þeim bara þægilegt að vera í vasa Sjálfstæðisflokksins.

Svona er þá komið fyrir VG. Flokkurinn styður Sjálfstæðisflokkinn. Kannski ætti hann að athuga með inngöngu. ■

”
Það er með ólíkindum að forkólfar vinstri-sinnaðs flokks á borð við VG reyni að verja gjörning af þessu tagi sem misbýður sennilega stærstum hluta þjóðarinnar.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

Prinsipp

Alveg er dæmalaust gaman að vera í pólitík og geta ráðið hvaða fólk sest að kjótkötlunum hverju sinni, en eitt verst falda leyndarmál íslenskrar stjórnsýslu hefur núna verið upplýst, Ásdís Halla Bragadóttir verður ráðuneytisstjóri, nema hvað, því svona er Ísland og hefur aldrei verið öðruvísi og mun ekkert breytast næstu áratuginna því minni kjósenda er falið á botni buddunnar – og hefur ekkert með prinsipp að gera. Aðgangurinn að ædstu embættum ræðst sem fyrr af flokksskírteinum – og ef menn eru með eitthvað múður út í það, þá er ráðherrunum að mæta í dómsal eftir enn eitt hundeltið.

Dýr

Og talandi um dýr. Mannaráðningar í ædstu lögum samfélagsins eru auðvitað efni í mafiósamynd. Hvað er sameiginlegt með ædsta yfirmanni vegamála á Íslandi, ædsta yfirmanni Borgarlínunnar og manningnum sem er einmitt þar fyrir ofan og gegnir embætti samgönguráðherra eða hvað það nú heitir eftir alla nafnakollhnísana, jú, innviðaráðherra, en öll þessi þrenning er dýralæknar. Það er eitthvað sjúklega krúttlegt við þetta og erkiíslenskt, enda eru góð ráð dýr og dýrin í skóginum ekkert annað en vinir ef þau þekkja vel til réttu dýranna. ■

Mál að linni



Oddný G. Harðardóttir
þingmaður Samfylkingarinnar

Er stóra plan ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur að ganga upp?

Á síðasta kjörtímabili veikti ríkisstjórnin með skipulegum hætti afar mikilvægar eftirlitsstofnanir í íslensku samfélagi. Stjórnarflokkarnir samþykktu lög sem eru til þess fallin að veikja Fjármálaeftirlitið. Samkeppniseftirlitið var einnig veikt með lagasetningu og tennurnar dregnar úr Skattransóknastjóra með því að leggja embættið niður og renna því undir Skattinn. Og nú er búið að selja meiri hluta í Íslandsbanka. Stjórnarflokkarnir hafa búið vel í hagin fyrir þá sem sýsla með mikla peninga.

Fyrir sumum er Alþingi Íslendinga staður þar sem stjórnmálamenn leika pólitíska leiki sem ætlaðir eru fáum og fyrir fáa útvalda.

Slíkir leikir geta sannarlega dregið dilk á eftir sér þannig að almenningur beri skadann. Skýrt dæmi um það er einkavæðing bankanna sem leiddi til bankahrunsins haustið 2008. Einkavæðing Íslandsbanka sem nú stendur yfir er leikur af sama toga. Niðurstaða nýjasta útboðsins er á allra vörum og ásakanir um spillingu eru hávarar.

Það er hlutverk okkar alþingismanna og ráðherra að gæta að hag almennings. Það var ekki gert þegar veittur var afsláttur af hlutunum í Íslandsbanka og þeir færðir skyldmennum fjármálaráðherra, fjárfestingarsjóðum sem keyptu og seldu strax í fyrria útboði og fólk sem vann við útboðið, svo dæmi séu tekin sem ósætti er um. Og nokkrum lykilpersónum hrunsins sem hafa sannarlega reynt af bankarekstri líkt og sár reynt af almennings er um og flokkast nú sem hæfar til að eignast hann á ný.

Almenningi er nóg boðið. Fjármálaráðherrann sem ber samkvæmt lögum alla ábyrgð á sölufurfinu og samþykkti kauptilboðin, er rúinn trausti. Vinstri grænir benda í allar aðrar áttir en á þann sem ábyrgðina ber, af ötta við að missa ráðherrastöla og Framsókn er klofin í afstöðu sinni.

Nú er mál að linni. Stjórnarflokkarnir verða að átta sig á að almenningur lætur þá ekki leika svona illilega á sig – aftur. ■

”
Almenningi er nóg boðið.

NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA

• Austurströnd 14
• Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

Gríptu
lykilinn með
í páskafrið

ORKAN

Sjáumst um páskana

Afgreiðslutími
verslana

14. apríl
Skírdagur

15. apríl
Föstud. langi

16. apríl
Laugardagur

17. apríl
Páskadagur

18. apríl
Annar í páskum

Vesturlandsvegur

24/7

24/7

24/7

24/7

24/7

Suðurfell

24/7

24/7

24/7

24/7

24/7

Dalvegur

24/7

24/7

24/7

24/7

24/7

Fitjar

24/7

24/7

24/7

24/7

24/7

Hagasmári

8:00 -
24:00

8:00 -
24:00

8:00 -
24:00

8:00 -
24:00

8:00 -
24:00



Áttavitalaus landstjórn

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Viðbrögð við hneykslismálum síðustu viku, síðareglubroti innviðaráðherra og bankasölunnar, eru fyrstu dæmin um að forsætisráðherra hafi mistekist að leiða pólitískt raflost í jörð.

Ríkisstjórnin hefur ekki pólitískan áttavita til að sigla eftir. Það er veikleiki.

En hitt er öllu alvarlegra að hún á heldur ekki síðferðilegan áttavita.

Óklárað síðareglumál

Forsætisráðherra staðfesti að innviðaráðherra hefði brotið síðareglur ráðherra. Hún segir hins vegar að hver ráðherra hafi sjálfðæmi um hvort slík brot hafi afleiðingar.

Þetta er ekki alls kostar rétt. Það veit forsætisráðherra. Þó að sá sem í hlut á verði að ihuga stöðu sína er það samkvæmt stjórnskipunarreglum hlutverk þingmanna stjórnarmeirihlutans að ákveða hvort ráðherra hefur pólitískt og síðferðilegt traust til að sitja áfram.

Það var undan þessari ábyrgð sem forsætisráðherra leysti sjálfa sig og aðra stjórnarþingmenn. Ábyrgðin hefði kallað á að skýrt yrði út á Alþingi hvaða síðareglur ráðherra má brjóta án afleiðinga eða hvaða viðmið eru höfð um það mat.

Ef einföld afsökun er nóg eru reglurnar bara til skrauts. Vel má vera að fyllri skýringar hefðu dugað. En forsætisráðherra fór bara á flótta. Málið hefur því ekki verið klárað gagnvart Alþingi eins og vera ber.

Brotalimir

Nú er vitað að viðskiptaráðherra varaði samráðherra sína við þeirri síðferðilegu brotalóm að takmarka söluna við afmarkaðan hóp fjárfesta. Hún sá þá þegar allar hliðar málsins og hverjar afleiðingarnar yrðu. Þeir hlustuðu ekki.

Hins vegar hélt viðskiptaráðherra þessum mikilvægu upplýsingum leyndum fyrir Alþingi. Það gæti verið brot á síðareglum ráðherra.

Þingmenn VG og Sjálfstæðismanna hafa einmitt kvartað undan því að hafa verið ómeðvitaðir um þá hluti, sem viðskiptaráðherra þekkti.

Einn kaupenda hefur sagt opinberlega að engin rök hafi verið fyrir því að veita þeim afslátt.

Þetta er kórrétt og lagastöðin er að auki hæpin. Síðferðilega brotalömin er augljós.



Skóða þarf hvort fjármálaráðherra átti ekki að vikja sæti á frumstigi ákvarðana um söluflerlið.

Hengja bakara fyrir smíð

Þingmenn VG hafa krafist afsagnar forstjóra og stjórnar Bankasýslunnar. Rökin eru þau að fjármálaráðherra sé ábyrgðarlaus vegna armslengdarreglu.

Þessi forsenda er hins vegar hreinn tilbúningur. Í lögunum um sölu fjármálafyrirtækja er einfaldlega engin armslengdarregla um þessar ákvarðanir.

Bankasýslan gerir aðeins tillögur og sér um handavinnuna.

Ráðherra tekur aftur á móti allar ákvarðanir um söluflerlið og leikreglurnar. Hann ákveður hvaða tilboðum er tekið og honum ber að undirrita samninga. Þessi lögbundna ábyrgð er ekki framseljanleg.

Þingmenn VG vilja því hengja bakara fyrir smíð. Það er lægsta stig pólitískts síðferðis.

Vanhæfi

Gagnrýnt hefur verið að faðir fjármálaráðherra var í hópi kaupanda. Þar er hann þó í fullum rétti, bæði lagalega og síðferðilega. Hitt er að fjármálaráðherra kann að hafa verið vanhæfur til þess að taka ákvarðanir í þessu einstaka máli.

Fjármálaráðherra ætlaði að veita takmörkuðum hópi kost á að kaupa þessa ríkiseign með afslátti. Hann vissi að faðir hans var í þeim hópi.

Af því leiðir að skoða þarf hvort fjármálaráðherra átti ekki að vikja sæti á frumstigi ákvarðana um söluflerlið.

Þegar Bankasýslunni var ljóst að faðir fjármálaráðherra var á meðal tilboðsgjafa bar henni að flagga hugsanlegu vanhæfi ráðherra. Margt bendir til að í síðasta lagi á þessu stigi hafi ráðherra átt að vikja sæti.

Þetta álitaefni snýst um meginreglu stjórnsýslulaga. Brot á henni er mjög alvarlegt. Skoða þarf hvort það hefur einhver áhrif á gildi sölunnar. En stjórnarþingmenn ákveða hvort það hefur einhverjar pólitískar afleiðingar. Sé um brot að ræða er erfitt að komast hjá því.

Vanræksla

Ráðherra er skylt samkvæmt lögunum um bankasölu að kappkosta að efla virka og eðlilega samkeppni á fjármálamarkaði þegar eignarhlutir eru seldir.

Hagsmunir alls almennings, neytenda og fyrirtækja, liggja mest í því að þessari lagaskyldu sé sinnt.

Hvergi kemur fram að það hafi verið reynt. Viðreisn er eini flokkurinn, sem lagt hefur áherslu á þessa mikilvægu almannahagsmuni í umræðum um sölu.

Ítrekuð vanræksla á að gæta þessarar lagaskyldu hlýtur að koma til rannsókna og einnig ábyrgð ráðherra samkeppnis- og neytendamála á henni. ■

Bankasöluflokkana í borgarstjórn?



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Enn á ný erum við Reykvíkingar og landsmenn allir minntir óþægilega mikið á síðferðisvitund ríkisstjórnarflokkanna sem selja hluti í Íslandsbanka til vina sinna. Fyrir okkur Reykvíkinga er þetta áminning um að þessir sömu flokkar, sem nú sitja saman í ríkisstjórn, gætu sem hægst myndað meirihluta í borgarstjórn ef kjósendur veita þeim brautargengi til þess.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur lengst af verið stærstur borgarstjórnarflokkanna og þrátt fyrir skodanaágreining innan flokksins þá sýnir sig að þegar völd eru innan seilingar þá hljóðna þær raddir og freisting valdsins verður sannfæringunni yfirstærkari. Þá er hætt við að hugmyndir um nútímalaga borg og borgarsamfélag verði látnar vikja fyrir sannfæringu „freka karlsins“ sem hugnast ekki sú borgarmenning og skipulag sem hefur tekist að þróa í Reykjavík undanfarin ár.

Framsóknarflokkurinn er auðvitað kapituli út af fyrir sig. Flokkurinn leitar vinsælda í Reykjavíkurborg með afar sérstæðum hætti. Formaðurinn talar um að sjávarútvegurinn þurfi að greiða meira fyrir aðgang að fiskimiðunum en stendur fyrir hinu gagnstæða með lækkun veiðigjalda. Varaformaðurinn talar fjállega um að ofsagróða fyrirtækja í veirufaraldrinum og að hafa alltaf verið á móti bankasölunni. En það nær ekki lengra,



Þjóðin hefur undanfarin ár mátt horfa upp á hvernig Vinstri græn hafa þótt vera flokkur sem gætir hagsmuna almennings.

flokkurinn hreyfir hvorki legg né lið og gerir ekkert í málunum. Hvað er að marka slíkan málflutning? Hvort á að hlæja eða gráta yfir svona framkomu? Trúverðugt er þetta ekki og ætti að kveikja á viðvörunarþjöllum hjá kjósendum um að Framsóknarflokkurinn leggjja til atlögu við þær framsæknu hugmyndir sem hafa breytt lifinu í borginni til hins betra.

Þjóðin hefur undanfarin ár mátt horfa upp á hvernig Vinstri græn hafa þótt vera flokkur sem gætir hagsmuna almennings. En þegar há embætti standa til boða þá gleymast hagsmunir almennings og flokkurinn hreiddur um sig með sérhagsmunaöflunum. Ef Vinstri grænum yrði boðin borgarstjórnastöðin er ekki ólíklegt að þau myndu hoppa á það og við sæjum sömu flokka taka saman í borgarstjórn og á landsvísi.

Er það áhættunnar virði fyrir okkur Reykvíkinga að stuðla að ríkisstjórnarsamstarfi bankasöluflokkanna á vettvangi borgarstjórnar? ■

Þjónustuborgin Reykjavík – við getum gert betur



Ómar Már Jónsson
oddviti Miðflokksins í Reykjavík

Reykjavíkurborg hefur skyldum að gegna gagnvart borgarbúum og fyrirtækjum í borginni. Ekki aðeins að veita þá þjónustu sem borginni þóknast að veita, heldur ber henni skylda til að veita lögbundna þjónustu samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Það sem skiptir borgarbúa mestu og við höfum sterkastar skoðanir á eru m.a. þjónusta grunnskóla, leikskóla, snjómokstur, sorpþjónusta, málefni aldgraða, málefni fatlaðra, félagsleg þjónusta, þ.m.t. húsnæðisþörf viðkvæmari hópa og stuðningsþjónusta ýmiss konar.

Á því kjörtímabili sem fer nú senn að ljúka er áhugavert að rýna hvernig borgin hefur verið að standa sig í þjónustuhlutverkinu.

Einn besti mælikvarðinn er þjónustukannanir, viðhorfskannanir meðal ólíkra hópa borgarinnar, sem sýna hvar borgin okkar er að standa sig vel og hvað má bæta.

Einnig er mikilvægt að Reykjavíkurborg setji sér þjónustustefnu, markmið hvernig hún vilji standa sig.

Það er skilvirkasta leiðin, að bera síðan saman þjónustustefnu borgarinnar við niðurstöður þjónustukannanna og sjá hvað má bæta. Slíkar kannanir á að gera árlega, bæði meðal borgarbúa og fyrirtækja.

Berum okkur saman við þá bestu Reykjavíkurborg á að setja sér háleit markmið. Reykjavík á að gera samanburðarhæfar þjónustu-



kannanir og bera sig saman við þá sem eru að standa sig vel. Markmið borgarinnar á að vera að standa sig best á Norðurlöndunum í þjónustu gagnvart öllum hópum samfélagsins, ekkert minna!

Starfsmönnum borgarinnar hefur fjölgað um 20% síðustu 4 ár, það jafngildir um 500 nýjum starfsmönnum á ári þannig að ætla mætti að borgin sé að standa sig afburðavel í að þjónusta íbúa og fyrirtæki.

Borgin fær fallelkunn

Í þjónustukönnun sem Gallup framkvæmdi í janúar 2018 kom fram að Reykjavíkurborg mælist langneðst í þjónustukönnun í samanburði við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Þegar kemur að þjónustu bæði leikskóla og grunnskóla, þjónustu við eldri borgara og þjónustu við fatlaða fær borgin fallelkunn.

Innan við 40% borgarbúa eru ánægð með heildarþjónustu borgarinnar gagnvart borgarbúum.

Þjónustukannanir Gallup voru gerðar meðal sveitarfélaga frá árinu 2008 til 2018, en eftir niðurstöðurnar

ár árið 2018 dró Reykjavíkurborg sig út, hafnaði frekari samanburði við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Reykjavíkurborg fékk síðan fyrirtækið Maskínu til að gera þjónustukönnun meðal borgarbúa árið 2019 þar sem að niðurstaðan var sú sama. Innan við 40% borgarbúa voru ánægðir með þjónustu borgarinnar.

Eftir þá könnun hefur Reykjavíkurborg ekki tekið þátt í samanburðarþjónustukönnunum meðal borgarbúa.

Ég mun beita mér fyrir því að Reykjavíkurborg setji sér virka þjónustustefnu þar sem áherslur þjónustu borgarinnar gagnvart íbúum og fyrirtækjum verða skýrar og virkar. Jafnframt að þjónustukannanir verði gerðar árlega meðal íbúa og fyrirtækja í Reykjavík og niðurstöður nýttar til að bæta þjónustu borgarinnar.

Ég mun einnig beita mér fyrir því að koma á samstarfi við aðrar borgir á Norðurlöndunum þar sem við berum okkur saman við þá bestu, með það að leiðarljósi að gera enn betur. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 14. apríl 2022



Krist Novoselic úr Nirvana er einn meðlima nýju sveitarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ný plata frá ofur-gruggsveit

oddufreyr@frettabladid.is

Hljómsveitin 3rd Secret, sem samanstendur af meðlimum úr Nirvana, Soundgarden og Pearl Jam, gaf óvænt út plötu á mánudag. Tilvist sveitarinnar hafði ekki verið tilkynnt áður en platan kom út. Rolling Stone segir frá.

Í hljómsveitinni eru Kim Thayil, gítarleikari Soundgarden, Krist Novoselic, bassaleikari Nirvana, og Matt Cameron, sem er trommari Pearl Jam en var áður í Soundgarden. Auk þeirra eru Bubba Dupree, gítarleikari harðkjarnasveitarinnar Void, og söngkonurnar Jennifer Johnson og Jillian Raye, sem eru líka í annarri sveit Novoselic, Giant in the Trees, einnig í sveitinni.

Höfðu gefið visbendingar

Nýja platan var tekin upp og hljóðblönduð af Jack Endino, sem varð frægur fyrir hljómplötuframléiðslu á grugg-tímanum.

Hljómsveitin lék líka á óvæntum tónleikum á Poppmenningar-safninu í Seattle nýlega.

Krist Novoselic hafði gefið visbendingar um tilvist plötunnar, en í febrúar sagði hann í tísti sem hann hefur eytt að hann væri mjög upptekinn við að klára nýja plötu, en að það væri leyndarmál svo enginn mætti segja neinum frá henni.

Thayil gaf líka til kynna í nýlegu viðtali að hann myndi líklega vinna meira með gömlu félagunum sínum úr Soundgarden. ■



Soffía Dögg hefur mikla ástríðu fyrir að skreyta heimilið. Hér er hún búin að töfra fram páskakökuna í ár, keypti hana í 17 sortum og skreytti að neðan með litlum súkkulaðieggjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS**ALOE VERA**
MELTING & BÓLGUR85%
VIRKT
CURCUMINwww.celsus.is

Páskarnir boðberi vors og blóma

Soffía Dögg Garðarsdóttir er konan á bak við Skreytumhus.is sem ber það nafn með rentu. Hún elskar að skreyta og fegra heimili sitt og nýtir hvert tilefni til þess. Soffía býr á Álftanesi ásamt eiginmanni sínum, tveimur börnum og hundinum Mola. **2**



Sjöfn
Þórðardóttir
sjöfn
@frettabladid.is



Blómin setja mikinn svip á heildarútkomuna og gleðja augað.



Páskakakan er frá 17 sortum. Soffía bætir eggjunum við og raðar allan hringinn að neðan og páskaeggið má ekki klikka, en það er ávallt frá Nóa á þessu heimili.

Soffiu grunaði ekki að síðan hennar Skreytum hús ætti eftir að slá svona rækilega í gegn. „Þetta er náttúrulega orðið stærra dæmi en ég átti von á í byrjun. Lítill hugmynd sem sneri að því að blogga örlítið er orðin að heimasíðu, stærsta heimilishópi á Facebook með um áttatíu þúsund fylgjendum, garðhóp og sumarbústaðahóp. Síðan er ég með samnefnda sjónvarpsþætti sem sýndir eru á Vísí og á Stöð 2+.

Ég er bara ein af þessum ótrúlega heppnu manneskjum sem ná að sameina ástríðu og atvinnu, eða í mínu tilfelli að gera ástríðuna mína að atvinnu minni. Ég hef ávallt haft ótrúlega gaman af því að gera fallegt í kringum mig, að skapa stemningu og búa til umhverfi sem lætur mér líða vel.“

Engar fastar matarhefðir

Matarhefðir kringum páskana er eitthvað sem Soffía hefur ekki verið með. „Við erum víst ekki rík af matarhefðum fjölskyldan. Dóttirin hætti að borða kjöt fyrir nokkrum árum og það breytti ýmsu þegar kemur að því að elda mat. Við reynum bara að finna góða lausnir sem henta okkur öllum.

Ég held í raun að ég njóti þess að vera ekki með hefðir um páskana. Við erum svo oft fastheldin þegar kemur að jólum, þannig að ég bara nýt þess að gera páskana eins og okkur hentar best. Það hefur komið fyrir að við séum í bústað og þá er maður að gera eitthvað allt annað en hérna heima. Páskarnir snúast mest um að vera saman, að slappa svölitið af og borða nóg af eggjum.“

Páskaskrautið er vorskraut

Soffiu finnst fátt skemmtilegra en að skreyta og þegar tilefni gefst til þess grípur hún tækifærið. „Ég

er dugleg að skreyta og páskarnir eru ekki undantekning á því. Ég lít á páskaskrautið sem vorskraut, og þetta er kjörið tækifæri til að skipta út þyngrri teppum, gærum og púðum, fyrir eitthvað léttara og vorlegra. Eins finnst mér afskorin blóm og greinar alveg ómissandi á þessum árstíma. Ég hef stundum grafið upp páskaliljulaukana í garðinum, sett þá í skálar og svo aftur út í garð.“

Soffa fann loks páskaskrautið sem heillaði hana upp úr skónum. „Það hefur í raun ekki verið mikið af páskaskrauti sem ég hef heillast af fyrr en fyrir þremur árum þegar ég sá Lene Bjerre-páskaskrautið sem fæst í Húsgagnahöllinni. Mér finnst það alveg einstaklega fallegt og það kemur alltaf eitthvað nýtt á hverju ári og ég hef verið að næla mér í hitt og þetta sem er að heilla.“

Soffía er hrifin af kaninum og má sjá þær víða um heimilið þegar að páskahátíðinni kemur.

Páskaföndrið hefur minnkað með árunum. „Á tímabili föndraði ég helling fyrir páskana. Skreytti egg með krökkunum þegar þau voru lítil, gerði svona páskafánalengjur úr gömlum bókablaðsíðum og fyrir nokkrum árum föndraði ég glimmeregg sem ég er reyndar enn mjög hrifin af.“

Annars eru það súkkulaðieggjinn sem heilla fjölskylduna helst. „Við erum öll einlægir aðdáendur Nóa-eggja og það eru bara engir páskar án þess að fá þau. Ég hef reyndar líka tekið upp á því að skreyta borðið með súkkulaðieggjum og finnst það skemmtilegt á þessari súkkulaði hátíð.“

Fallega lagt á borð

Páskaborðið er sá staður sem fær alla athyglina á páskunum. „Páskaborðið er svona létt og gróft í bland, en borðið okkar er

” Ég er bara ein af þessum ótrúlega heppnu manneskjum sem ná að sameina ástríðu og atvinnu, eða í mínu tilfelli að gera ástríðuna mína að atvinnu minni.



Smáu hlutirnir setja svip á heimili Soffiu Daggar.



Skemmtilegt hvernig Soffía Dögg býr til kanínu með því að nota páskaegg. Falleg skreyting.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Takið eftir löbernum og hve fallega hann kemur út á borðinu.

þessi líka risastóri fleki 1,20 x 2,20 metrar og ég nýt þess að geta sett fullt af alls konar skrauti á það. Fallegi löberinn sem á stendur Gleðilega páska er frá einu fallegasta merki landsins. Jónsdóttur & co, sem hún Ragnhildur vinkona mín heldur utan um með svo mikilli alúð.“

Soffía er mikill fagurkeri og hugsar fyrir hverju smáatriði þegar lagt er á borð. „Matardiskarnir eru Broste úr Húsgagnahöllinni, en við fengum þá í brúðargjöf fyrir 17 árum. Diska-

motturnar eru líka úr Höllinni og eru í miklu uppáhaldi, þær eru svo geggjaðar, sérstaklega á vorin og sumrin. Blómadiskarnir voru að heilla mig í ár og eru nýir frá Rúmfo, ferlega sætir svona til þess að koma með vorfilinginn. Hnífaþörin eru svo frá Myrkstore.is sem er æðisleg litil vefverslun. Svo eru það afskornu blómin sem mér finnst alltaf ómissandi og ég fer alltaf til í Samasem á Grensásvegi en þar er oft til mikið af spennandi blómum sem þú sérð ekki alls staðar.“ ■



IVY BEAU Phebe síður kjóll
Stærðir 36-46
Verð 12.980 kr



IVY BEAU Nisren síður kjóll
Stærðir 36-46
Verð 12.980 kr



ES&SY Emma kjóll
Stærðir 38-46
Verð 9.980 kr



YESTA Lenita tunika
Stærðir 44-52
Verð 9.980 kr



ZHENZI TEELA skyrta
Fleiri litir til
Stærðir 42-56
Verð 9.990 kr

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE
Nordic

OPHILIA



YESTA Janelle peysa með glitter
Stærðir 46-52
Verð 9.980 kr



YEST/YESTA opin peysa
Stærðir 40-54
Verð 12.980 kr



YEST/YESTA gallajakki
Stærðir 38-52
Verð 12.980 kr



YESTA gallajakki
Stærðir 44-50
Verð 14.980 kr



ES&SY Milan blazerjakki
Fleiri litir til
Stærðir 36-46
Verð 8.980 kr

SYBEL+

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

tamaris

GOZZIP

Handberg

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



ROBELL Nena 09 ökkla stretchbuxur
Fleiri litir til
Stærðir 34-54
Verð 11.980 kr



ZHENZI Jazzy kvartbuxur
Fleiri litir til
Stærðir 42-58
Verð 7.990 kr



ZHENZI Twist gallakvartbuxur
Fást líka í dökkbláu
Stærðir 42-56
Verð 9.990 kr



SANDGAARD Copenhagen kvart stretchbuxur
Fleiri litir til - Stærðir 38-54
Verð 6.980 kr



YESTA Liah hnébuxur
Fást líka í hvítu
Stærðir 44-52
Verð 10.980 kr

Verslunin Belladonna



belladonna

Lítu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Er virkilega spenntur fyrir árinu

Stefán John Turner hefur lengi haft áhuga á tísku og ljósmyndun en hann vinnur meðal annars við efnisköpun á samfélagsmiðlum fyrir ýmis erlend vörumerki. Hér sýnir hann lesendum inn í fataskápinn sinn.

starri@frettabladid.is

Stefán John Turner hefur mikla ástríðu fyrir ljósmyndun og öllu sem tengist tísku. „Ég byrjaði árið 2016 að pósta tiskuefni á samfélagsmiðlum og hafði greinilega svo gaman af því að ég er enn að því í dag. Þetta hefur þó þróast ansi mikið síðan þá og er ég bæði að taka að mér verkefni fyrir Instagram reikninginn minn (@stefanjohnturner) og einnig að búa til myndefni fyrir fyrirtæki til að pósta á sína miðla. Ég legg mikla vinnu og þælingar í efnið sem ég skapa og þekki hvað virkar.“

Heimsfaraldurinn hefur ekki haft mikil áhrif á störf hans heldur gaf hann sér tíma og tækifæri til að skapa og gera enn betur. „Ég gaf mér til dæmis meiri tíma til að vinna myndirnar mínar og læra betur á myndbandsforrit. Síðan hef ég unnið mikið við efnissköpun á samfélagsmiðlum fyrir ýmis erlend vörumerki á borð við HM, Samsonite, Paul Hewitt, The Fifth, Shoe The Bear og fleiri. Annars er ég virkilega spenntur fyrir árinu fram undan þar sem biða ýmis ævintýri. Ég mun til dæmis mynda brúðkaup í Barcelona í sumar sem ég er spenntur fyrir.“

Langar að mynda í náttúrunni

Aðspurður um helstu kosti þess fyrir skapandi fólk að búa hér á landi nefnir hann náttúruna þótt hann nýti hana reyndar lítið í sínu efni. „Ég er meira að reyna að láta Reykjavík líta út eins og stórborg sem er skemmtileg áskorun fyrir



Hér klæðist Stefán buxum frá Zöru og skyrtu frá Selected. Derhúfan er frá Les Deux og skórnir úr H&M.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

mig. En í ár langar mig að mynda tísku í íslenskrí náttúru. Helstu gallarnir eru veðrið sem getur verið leiðinlegt og tækifærin hér eru ekki eins mörg og í stærri borgum.“

Utan brúðkaupsins í Barcelona í sumar stefnir Stefán á að reyna að ferðast eins mikið og hann getur og um leið að skapa betra efni, þar á meðal í íslenskrí náttúru.

Stefán sýnir hér lesendum inn í fataskápinn sinn.

Spurt og svarað:

Hvernig hefur tiskuhugi þinn þróast undanfarin ár?

Ég er ekki lengur hræddur við að prófa nýja hluti og er með opnari huga gagnvart tísku en áður.

Hvernig fylgist þú helst með tískunni?

Ég nota Instagram, Pinterest og tiskublöð eins og Vouge og GQ.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Ég kaup þau mikið á netinu, til dæmis frá Asos, Shoe The Bear,



Ljósu útvíðu buxurnar eru frá Weekday og skyrtan er frá Selected. Skórnir eru frá Nike og hálsmenið frá Nialaya frá LA Outfit.



Skyrtan er frá Polo Ralph Lauren og keypt í Herragarðinum. Vestíð er frá Zöru, Buxurnar frá Les Deux og keyptar í Hanz. Skórnir eru Nike og skartið frá Sign.

Weekday, Zara, Botaskin, Cosstore og A.P.C Paris.

Hvaða litir eru í uppáhaldi?

Helstu litirnir núna eru pastel-litir, sérstaklega grænn og ljósblár.

Áttu minningar um gömul tiskuslys?

Ekkert sem mér dettur í hug en það eru alltaf einhver tímabil sem maður fer í gegnum en það er svo mikið partur af þessu. Alltaf gaman að líta til baka og hlæja.

Hvaða þekkti einstaklingur er svalur þegar kemur að fatnaði?

David Beckham, klárt mál.

Hvaða flikur hefur þú átt lengst og notar enn þá?

Það eru alveg nokkrar flikur en ég mundi helst nefna vintage leðurjakka. Ég er farinn að hafa meiri áhuga á vintage flikum en ég hafði áður. Mér finnst stillinn oftast en ekki meira sérstakur og stendur upp úr.

Áttu uppáhaldsverslanir?

A.P.C Paris, efnið og sniðið er mjög flott.

Áttu eina uppáhaldsflik?

Þær eru nokkrar en helst vil ég nefna frakka sem ég keypti fyrir nokkrum árum. Hann hefur mögulega besta snið sem ég veit um fyrir frakka en hann var keyptur í Zöru á sínum tíma.

Bestu og verstu fatakaupin?

Bestu kaupin mín eru klassísk jakkaföt. Ég bara man ekki hver verstu kaupin eru því ég reyni að passa mig hvað ég kaup. En verstu kaupin eru klárlega þau þar sem ég er ekki alveg viss en enda á að kaupa flikina og notar hana svo aldrei.

Notar þú fylgihluti?

Ég nota grófa hringi og hálsmen og á nóg af þeim. Ég alveg elska flott skart.

Eyðir þú miklum peningum í fót miðað við jafnaldrá þína?

Ég þori nú varla að viðurkenna það en ég held að ég sé klárlega að eyða meira en jafnaldrar. En á sama tíma er þetta bæði áhugamál og partur af vinnunni minni. ■

Linsur í áskrift

Frí heimsending!

Sjónmæling innifalin í eins árs áskrift á linsum. Pantaðu linsur í áskrift á eyesland.is

Gleðilega meltingu um páskana

Meltingarensím og mjólkursýrugerlar hjálpa okkur að njóta lífsins, sérstaklega þegar mikið mæðir á meltingunni og þegar veislumatur er á borðum.

Hvað er betra en að geta notið lífsins án þess að þurfa að spá endalaust í það hvað maður má og ekki má í mat og drykk? Fjöldi einstaklinga glímir við ýmiss konar fæðuóþol eða óþægindi, stundum er vitað hvað veldur en stundum alls ekki. Flest okkar kannast þó við að borða stundum svolítið of mikið af alls kyns kræsingum og fyrir vikið finna fyrir kvillum á borð við uppþembu, óþægindi og vindgang. Ýmis fæða getur reynst meltingunni erfið og getur þar af leiðandi jafnvægi þarmaflórunnar jafnvel raskast. Í raun geta hátíðisdagar eins og páskaþinn sett meltinguna á annan endann sem skilar sér í verra heilsufari, sleni og þreytu sem hellist yfir okkur eftir frið.

Leyfum okkur að njóta

Allir ættu að geta notið matar og drykkjar í góðra vina hópi og getum við gert meltingu okkar og líkama stóran greiða með því að innbyrða annars vegar meltingarensím og hins vegar mjólkursýrugerla reglulega. Þessa tvennu er sérstaklega vert að hafa í huga þegar álag er á meltingunni, svo sem á páskunum.

Best er að taka inn meltingarensím fyrir og eftir stórar eða þungar máltíðir eða fæðu sem við þolum illa með það að markmiði að koma í veg fyrir meltingarónot og óþægindi. Mjólkursýrugerlar viðhalda og styrkja þarmaflórana sem er undirstaða ónæmiskerfisins og tengist geðheilsu okkar sterkum böndum.

Sykurpúkinn er lúmskur

Sykurpúkinn gerir víða vart við sig á páskahátíðinni en þó svo að mörgum takist að halda honum innan skynsamlegra marka breytir það því ekki að allur sykur hefur áhrif á heilsu okkar og getur meðal annars komið ójafnvægi á þarmaflóru okkar. Ef það



verður ójafnvægi og dregur úr vexti heilbrigðra baktería myndast kjöraðstæður fyrir þær óæskilegu og er candida-sveppurinn þar ofarlega á lista sem getur svo lýst sér í meltingartruflunum, uppþembu, óeðlilegum hægðum og húðvandamálum.

Þegar þarmaflórana er ekki í toppstandi fylgir ónæmiskerfið sem lýsir sér í ýmsum kvillum.

Lífarni okkar í dag skilar sér því fljótlega í verra heilsufari ef við göngum ekki gætilega um gleðinnar dyr.

Mjólkursýrugerlar mikil heilsubót

Bio-Kult Candéa inniheldur öfluga blöndu af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract sem hafa jákvæð áhrif á meltinguna og geta hjálpað til við að drepa niður candida albicans gersveppinn. Fyrir utan að

77 Allir ættu að geta notið matar og drykkjar í góðra vina hópi og þá getum við gert meltingunni okkar og líkamanum stóran greiða með því að taka inn bæði ensím og mjólkursýrugerla reglulega.

innihalda 14 mismunandi gerla-strengi sem byggja upp vinveitta þarmaflóru. Að innbyrða Bio-Kult Candéa daglega getur verið mikil heilsubót fyrir okkur og ekki síst þegar álag er á meltingunni.

Það er mun auðveldara að viðhalda heilbrigði heldur en að þurfa að byggja upp þegar í öfni er komið. Bio-Kult Candéa hentar einnig barnshafandi konum og konum með barn á brjósti.

Njóttu lífsins og leyfðu þér

Hver kannast ekki við að verða þreyttur eftir þunga máltíð? Sumir upplifa einnig óþægindi, uppþembu og vindverki en þetta

tengist að öllum líkindum skorti á meltingarensímum. Stundum gerist það að líkaminn getur ekki virkjað ákveðin ensím, svo sem ef við borðum of mikið og/eða samsetning fæðunnar er slæm en þá nær líkaminn ekki „að lesa skilaboðin rétt“. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum, ekki bara magaónotum, þreytu eða öðrum kvillum heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem fæðan (eða bæti-efnin) á að skila okkur.

Meltingarensím frá Enzymedica eru talin þau öflugustu sem völ er á og geta þau hreinlega orðið til þess að tiltekin vandamál heyri sögunni til. Meltingarensím frá Enzymedica henta einnig barnshafandi konum og konum með barn á brjósti.



Hverjir þurfa á meltingarensímum að halda?

Afleiðingar vegna skorts á meltingarensímum geta verið viðtækar og hugsanlega finnum við fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum.

Einkenni skorts geta verið ýmiss konar, svo sem ófullnægt hungur, uppþemba, skapsveiflur, húðkláði og svefnleysi. Ólíkt mjólkursýrugerlum sem eru aðallega staðsettir í þörmunum og viðhalda bakteríuflórinni, notum við meltingarensím til að brjóta niður fæðuna og gera hana klára svo hægt sé að taka upp næringuna í þörmunum. ■

Þú færð Digest meltingarensím og Bio-Kult mjólkursýrugerla í apótekum og heilsuhillum stórmarkaða.

Taktu fagnandi á móti deginum með Saffrox!

Saffrox inniheldur 28mg af affron® sem er virka efnið í Saffron kryddjurtinni ásamt útvöldum vítamínum og steinefnum.

Saffrox er 100% náttúrulegt.

- Magnesíum stuðlar að að eðlilegri starfsemi taugakerfisins og dregur úr þreytu og lúá.
- B6-vítamín stuðlar að eðlilegri sálfræðilegri starfsemi, auk þess að halda reglu á hormónastarfsemi líkamans.
- B12 stuðlar m.a. að eðlilegri starfsemi tauga- og ónæmiskerfisins.



Vítamín eru ekki ætluð til þess að tekið sé sýkladama eða koma í veg fyrir þá og fæðubótæfni eiga ekki að koma í staðinn fyrir fjölbreytt og hollt mataræði.

Fæst í apótekum og heilsuhúsum.

Upprisa stutta pilsfaldsins


Pínupils, mínipils, mikrópils eða hvað sem menn vilja kalla þau, eru nú orðin há móðins aftur eftir að miðjusið og síð pils fengu að flæða um leggina síðustu ár.

jme@frettabladid.is

Líkt og tíska flestra áratuga gengur reglulega í endurnýjun lífdaganna í tískuheiminum, þá er tíundi áratugurinn engin undantekning. Eitt helsta einkenni þúsaldartískunnar, sem prýddi stjórnur eins og Christinu Aguilera, Britney Spears, söngkonurnar í Destiny's Child og Paris Hilton, mátti sjá víða á tískupöllum í lok 2021 og byrjun 2022 fyrir sumarið 2022. Tískuspekúlantar víða um heim spá því rísandi pilsföldum í beinu orsakasambandi við gang sólar í sumar.

Miu Miu sýndi eina mest áberandi og vinsælustu útgáfu pilssíddarinnar á tiskuvíkunni í París í október í fyrra. Bæði er pilsíð stutt og lágt í mittið, litlu efnismeira en beltið sem það er gjarnan parað við á pöllum og utan þeirra. Í ofanálag var það parað við peysu sem rétt náði niður fyrir brjóstkassann.

En örvæntum nú eigi. Það eru ekki öll pils eins sköpuð og pínupilsin á tiskupöllum voru jafnólik og þau voru mörg. Á meðan sum huldu vart það allra heilagasta þá voru önnur há í mittið. Og þau sem óttast ekkert fremur en tiskuslys í svo stuttri flik gætu látið sér nægja pínubuxur eða jafnvel stuttbuxur sem eru með flipa að framan sem litur út eins og pils. ■



Givenchy sýndi þetta dásamlega sumarlega og pastelgræna dress með ermalausum topp og flæðandi pínupils í Nanterre í október síðastliðnum.




Miu Miu skapaði epískt augnablik þegar tiskuhúsið sýndi þetta mikrópils á tiskuvíkunni í október í fyrra fyrir sumartiskuna 2022. Síðan þá hafa tiskunnendur keppt við að klæðast þessari efnislitlu en furðulega smart flik.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Balmain á tiskuvíkunni í París í september fyrir vor/sumar 2022 með sparilegt svart og gyllt mínipils.



Loewe með puttann á pínupilsapúlsinum á tiskuvíkunni í París í október með túrkisblátt og diskóglatt pínupils.

HJÓLABLAÐ

Föstudaginn 22. apríl gefur Fréttablaðið út sérblaðið Hjólablað.

Í þessu skemmtilega blaði er fjallað um allt sem viðkemur hjólreiðum á Íslandi. Allir sem stunda hjólreiðar að einhverju marki munu finna áhugavert efni í blaðinu.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Arnar Magnússon sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

GLÓANDI HÚÐ MEÐ ICEHERBS



20%

Afsláttur
í Hagkaup í apríl

HAGKAUP

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bátar

VEIDIPORTID
Grandagarður 3 • Sí: 552-9940

Stærðir:
270cm-500cm

Verð frá:
149.000.kr



SAILSKI®
Gerid verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Bókhald

FRAMTALSADSTOD - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjódum einstaklingum framtalsaðstöð og fyrirtækjum alhóða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctur byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁMIÐILL ER BYRJUÐ AFTUR

- SPÁ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU MEÐ HJÁLP AÐ HANDAN
- HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 5574391

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Húsnæði óskast

Óska eftir herbergi eða einstaklingsíbúð hófuðborgarsvæðinu S8937144

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hak, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STADGREIDUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opíð mán - fös 11-15, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 788 1590

Heilsa

Heilsuvörur



GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Atvinna

Atvinna í boði

Nordic Car Rental

BIFVÉLAVIRKI ÓSKAST
Bifvélavirki óskast - 60 ára eða eldri Við óskum eftir að ráða bifvélavirka eða vanann mann (60 ára plús) á bilaverkstæði fyrirtækisins. Um er að ræða krefjandi og skemmtilegt starf, við viðgerðir á bilaleigubifreiðum. Æskilegt er að viðkomandi hafi haft reynslu af sambærilegu starfi, en ekki er gerð krafa um menntun. Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2022. Fyrir nánari upplýsingar, vinsamlegast hafið samband í síma: 771-3040 Umsóknir ásamt ferilskrám er hægt að senda á netfangið diddifrissa@simnet.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufultrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ



STYKKISHÓLSBÆR

AUGLÝSING

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis í Stykkishólmsbæ.

Þann 30. mars síðastliðinn, samþykkti bæjarstjórn Stykkishólms að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Víkurhverfi skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Svæðið sem breytingin nær til er 2,3 ha að stærð og nær til miðhluta hverfisins. Deiliskipulagsbreytingin er vegna mikillar jarðvegsdýptar á hluta svæðisins og þörf fyrir fjölgun lóða annarstaðar. Markmiðið er einnig að stuðla að betri landnýtingu með þéttari byggð, auknum fjölbreytileika íbúðarkosta, fegur heildayfirbragðs og vistgötum og tryggja gott aðgengi að verslun, þjónustu og útivistarsvæðum.

Tillagan verður til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins, ráðhúsinu og sundlauginni frá 12. apríl til 25. maí, 2022. Kynningarfundur verður 5. maí kl. 17 í Amtbókasafni Stykkishólms.

Peir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér tillöguna og senda skriflegar athugasemdir til skipulagsfulltrúa að Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi eða á netfangið: skipulag@stykkisholmur.is fyrir 26. maí, 2022. Peir sem ekki gera athugasemdir innan ofangreinds frests teljast samþykkir henni.

Stykkishólmi, 12. apríl 2022.

Krístín Þorleifsdóttir

Skipulagsfulltrúi Stykkishólmsbæjar

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta. Metum ástand og gerum við. www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbrí.
- Pappi og bástúl á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

gott cbd.is



Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is



SOS
BARNAPORPIN



Þú getur ekki hjálpað öllum

En þú getur hjálpað einu barni

Vertu SOS foreldri.
Skráðu þig núna á **sos.is**



31%

Áhorf jókst um 31% á annan hring mótsins á milli ára þegar Tiger virtist ætla að blanda sér í baráttu um sigur.

20

Tiger hefur 20 sinnum farið holi í höggi á ferlinum.

142

Hann komst 142 sinnum í röð í gegnum niðurskurð á þeim mótum sem hann keppti á, það er met.

11

Tiger hefur ellefu sinnum verið valinn PGA-kyllingur ársins.

4

Eini atvinnukyflingurinn til þessa sem hefur unnið fjögur risamót í röð.

82

Hann hefur sigrað 82 sinnum á PGA-mótarröðinni.

1

Var alls 683 vikur í 1. sæti heimslistans.

24

Hefur varið titil sinn á móti 24 sinnum.

3

Tiger eyddi þremur vikum á sjúkrahúsi eftir bílslys þar sem meðal annars var íhugað að taka af honum annan fótinn.

47

Í endurkomu sinni endaði Tiger Woods í 47. sæti, ekki frábær niðurstaða en stóri sigur Tigers var að spila golf í fjóra daga.

Sviðsljósið fylgir Tiger óháð árangri

Tiger Woods sneri aftur á golfvöllinn eftir langa fjarveru á Masters-móttinu um helgina og gaf til kynna í lok móts að hann myndi reyna að ná risamótum þessa árs. Gulldrengur golfíþróttarinnar skilaði strax aukningu í áhorfendatölum og eftirvæntingu hjá áhorfendum á vellinum.

kristinnpall@frettabladid.is

GOLF Þrátt fyrir að það hafi fjarð undan spilamennsku Tigers Woods á Masters-móttinu um helgina var gott að sjá kyllinginn godsagna-

kennda aftur á keppnisvöllinum. Áhorfstölur ruku upp með þáttöku Tigers sem staðfesti um leið að hann hygðist halda ferlinum áfram þótt hann myndi aldrei aftur ráða við þéttskipaða dagskrá. Met Sams Shields er innan seilingar en Jack Nicklaus mun líklegast halda sínu meti frá greipumTigers.

Fjórtnán mánuðum eftir örlagaríkt bílslys sem virtist ætla að binda enda á farsælan feril Woods sneri Tiger aftur á Masters-móttinu, fyrsta risamóti ársins í síðustu viku. Eftirvæntingin eftir því að sjá Tiger mæta aftur til leiks var slík að það voru þúsundir áhorfenda mættar

til að fylgjast með hverju höggi Tigers á æfingahringjunum fyrir mót. Tiger er og verður gulldrengur PGA-mótaraðarinnar eins og sást á viðbrögðum áhorfenda og andstæðinga hans eftir sigur Tigers á Masters árið 2019.

Í lok móts staðfesti Tiger að hann myndi í það minnsta taka þátt á Opna breska meistaramóttinu sem fer fram á hinum sögufæra St. Andrews-velli síðar á þessu ári og gældi við þá hugmynd að taka þátt á PGA-meistaramóttinu í næsta mánuði. Hann virðist ætla að velja sér mót til að keppa í þegar hann vantar einn sigur til að bæta met Sams Shields

og Tigers (82) yfir flesta sigra í sögu PGA-mótaraðarinnar. Hæpið er að Tiger nái að slá met Jacks Nicklaus yfir flesta risamótstítla (18) úr þessu, en tíminn hefur kennt okkur að afskrifa ekki sigurvilja Tigers.

Áhrif Tigers á meistaran: Bandaríski kyllingurinn Scottie Scheffler hafði mikla yfirburði á Masters-móttinu en áhrif Tigers á þennan öflugan kylling eru gríðarleg. Í móttinu sást Scheffler leika í Tiger Woods-skóm, hann notaði kyllfur sem Taylor Made framleiddi fyrir Tiger Woods og bera merki Tigers og að auki var Scheffler í bol sem Tiger og Nike framleidda saman. ■

Vertu til í grillveisluna!

Gleðilega páska!

Opið 11-20

skírdag, laugardag
og annan í páskum

Nýtt

GRILLTIDER grilláhöld

1.790,-/3 í setti

Nýtt

GRILLTIDER karfa

695,-

Nýtt

GRILLTIDER
skál 445,-

Nýtt

GRILLTIDER grillbakki
B20×L30 cm

895,-



Verslun opin 11-20 alla daga - [IKEA.is](https://www.ikea.is)

Merkisatburðir

- 1412** Yfir tuttugu ensk skip farast hér við land í illviðri.
- 1844** Jón Sigurðsson er kosinn á þing á sínum fyrsta kjör-fundi með 50 af 52 atkvæðum.
- 1902** J.C. Penney opnar sína fyrstu verslun í Wyoming í Bandaríkjunum.
- 1945** Tónlistarmaðurinn Rúnar Júlíusson fæðist.
- 1964** Sidney Poitier er fyrsti þeldökki maðurinn til að vinna Óskarsverðlaun fyrir Lilies of the Field.
- 1972** Jóhannes Sveinsson Kjarval listmálari deyr, 86 ára að aldri.
- 1997** Tiger Woods verður yngsti kylfingur sögunnar sem sigrar á Masters-golfmóti.



Guðni Th. Jóhannesson forseti skoðar handritin á fimmtíu ára afmæli komu þeirra til landsins í fyrra.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Sextugur ávöxtur handritamálsins

Árnastofnun fagnar sextíu ára afmæli í dag og undirbýr sig undir flutning í ný húsakynni.

arnartomas@frettabladid.is

Handritastofnun Íslands var stofnuð þann 14. apríl 1962 þegar í augnsýn var lausn í handritamálinu. Þar höfðu Íslendingar krafið Dani um að íslenskum fornhandritum á borð við Flateyjarbók og Konungsbók eddukvæða yrði skilað aftur til landsins.

„Það var búið að finna lausn á málinu þegar þarna kom við sögu þar sem Danir höfðu samþykkt í fyrra skiptið lög um lausn handritamálsins árið 1961,“ segir Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar. „Málinu var þó ekki alveg lokið þar sem enn átti eftir að bera það fram í þinginu árið 1965 og síðan urðu dómsmál sem fóru fyrir Hæstarétt í Danmörku. Handritin komu því ekki heim fyrr en tíu árum síðar.“

Handritastofnun Íslands var fyrst um sinn til húsa í Safnahúsinu en strax var ákveðið að byggja sérstakt húsnæði fyrir stofnunina og trausta geymslu fyrir handritin, sem var kallað Árnagarður og vígt í lok árs 1969. Þegar handritin komu þann 21. apríl 1971 var húsnæðið tilbúið og ári síðar breytti stofnunin um nafn og var kölluð Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

Guðrún segir að Árnastofnun hafi vaxið og dafnað jafnt og þétt í gegnum árin. Mikilvægi safns Árna Magnússonar á alþjóðavísu, sem er varðveitt bæði á Íslandi og í Danmörku, var viðurkennt árið 2009 þegar það var sett á varðveisluskrá UNESCO, Minni heimsins.

„Það urðu mikil tímamót árið 2006 þegar Íslensk Málstöð, Orðabók Háskólans, Stofnun Sigurðar Nordals, Örnefnastofnun Íslands og Árnastofnun voru sameinaðar í nýrri stofnun, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum,“ segir hún. „Í dag stýttist í að við flytjum í nýtt húsnæði í Hús íslenskunnar með íslenskudeildinni og íslensku sem öðru máli í Háskóla Íslands.“

Þjóðararfur á tækniöld
Í dag eru rúmlega fjörtíu fastráðnir



Guðrún segir mikið sóknarfæri í að sinna alþjóðlegu samstarfi vel.



Auðvitað er best að koma og sjá handritin en nú er hægt að nota rafrænu tólin líka, sem er algjör bylting á þessu sviði og hefur í raun stækkað fræðasviðið.

starfsmenn sem starfa við Árnastofnun ásamt fjölda lausráðinna í rannsóknastörfum. Verkefni segir Guðrún vera afar fjölbreytt.

„Við höfum lagt mikið upp úr því að miðla okkar efni, rannsóknum og gögnum á vefnum, bæði rafrænum orðfræðigögnum eins og orðabókum og máltæknigögnum og það sama á við um handritin,“ segir hún og bætir við að í dag sé orðið miklu auðveldara að vinna rannsóknir þeim tengdar alþjóðlega. „Auðvitað er best að koma og sjá handritin en nú er hægt að nota rafrænu tólin líka, sem er algjör bylting á þessu sviði og hefur í raun stækkað fræðasviðið.“

Þá segir Guðrún að Árnastofnun standi einnig við bakið á þeim sem kenni íslensku sem annað mál í erlendum háskólum.

„Þetta alþjóðlega starf skiptir gríðarlega miklu máli og það er mikið sóknarfæri í því að við gerum enn betur,“ segir hún. „Þegar íslenska er kennd og stunduð sem fræðigrein við ýmsa góða háskóla um heim allan, þá erum við að búa til nýja fræðimenn og framtíðarþýðendur og þessir stúdentar koma oftar en ekki til Íslands og ákveða að læra málið enn betur og leggja rannsóknir fyrir sig. Við erum mjög þakklát fyrir að finna fyrir að fólk lítur til Árnastofnunar sem ákveðinnar rannsóknamiðstöðvar í þessum fræðum.“

Guðrún segir að ekki standi til að fagna sextíu ára afmæli stofnunarinnar sérstaklega, en í viðburðaríkri sögunni er stutt á milli stórra tímamóta.

„Við vorum með mikil hátíðarhöld í fyrra þegar við fögnuðum fimmtíu ára afmæli komu fyrstu tveggja handritanna og á næsta ári fögnum við flutningi í nýja byggingu sem mun gjörbylta starfi okkar og opna aðgang almennings að gögnum,“ segir hún. „Nýlega lukum við síðasta áfanganum í verkefninu Handritin til barnanna, þar sem við kynntum handritin fyrir börnum um land allt. Það er svo frjór jarðvegur að kynna þessar sögur, nýja þekkingu um þær og handritin sjálf fyrir yngri kynslóðinni – þessa gömlu gripi sem varðveittust með fólkinu þar til Árna Magnússon safnaði þeim og setti í safnið sitt. ■



Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,
Elín Pálmadóttir

blaðamaður og rithöfundur,

sem lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu við Brúnaveg aðfaranótt 2. apríl, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni föstudaginn 22. apríl kl. 13.00.

Sólveig Pálmadóttir
Helga Pálmadóttir **Helgi Samúelsson**
systkinabörn og fjölskyldur þeirra.



Guðrún Helga Agnarsdóttir

lést á Landspítalanum

sunnudaginn 10. apríl.

Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík 28. apríl klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Jón Kristjánsson

Ingunn Jónsdóttir **Árni Stefán Leifsson**
Anna Helga Jónsdóttir **Baldur Héðinsson**
Guðrún Helga, Ingibjörg, Jón Styrmir og Hildur Salka



Ástkæra eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Birna Kristín Kristjánsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu

Droplaugarstöðum 22. mars.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ösk hinnar látnu. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Droplaugarstaða fyrir einstaka umönnun og aðhlyningu.

Jón Kr. Hannesson

Ella K. Björnsdóttir **Rögnvaldur A. Hrólfsson**
Sturla H. Jónsson **Aldís E. Helgadóttir**
Ástríður H. Jónsdóttir
Ágúst B. Jónsson **Heiðrún B. Árnadóttir**
Heiða B. Jónsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Vilhjálmur Þorláksson

verkfræðingur,
Espilundi 4,

varð bráðkvaddur að heimili sínu

mánudaginn 4. apríl.

Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 22. apríl og hefst athöfnin kl. 13.

Ásbjörg Forberg

Puríður Vilhjálmadóttir **Vigfús Ásgeirsson**
Sveinn Vilhjálmsson **Inga Forberg**
Hilmar Vilhjálmsson **Sigríður Logadóttir**
Kári Vilhjálmsson **Lilja Pétursdóttir**
Ágústa Forberg **Theódór Kristinn Ómarsson**
Erla Ólafsdóttir **Magnús Óli Ólafsson**
Elsa Forberg
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru

Ingvaldar Pálsdóttir

Hverfisgötu 92b.

Jóhannes Ólafur Ólafsson

Ásta Þórunn Jóhannesdóttir **Brynjar Húnfjörð**
Ólafía Jóhannesdóttir
Einar Páll Jóhannesson
Páll Aronsson **Inga Einarsdóttir**
og aðrir aðstandendur.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát okkar ástkæra

Þorsteins Jóns Óskarssonar

fyrrum forstöðumanns
hjá Pósti og síma,
Krummahólum 4, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Vitatorgs, Hrafnistu Reykjavík fyrir einstaka umönnun og virðingu.

Svanhildur Halldórsdóttir

Edda Þorsteinsdóttir **Halldór Guðmundsson**
Einar Baldvin Þorsteinsson **Sally Thorsteinsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

Þessi herferð er _____

Þessi stóll er _____



AGUSTAV

Brandenburg



Fólk

ÍSLENSK HÖNNUN

ÍSLENSK HÖNNUN

Þetta merki er _____

Þessi v



ÍSLENSK HÖNNUN

Þetta letur er _____

Þessi ný öxi h
ist þjófum n
ði víl no á d

Gabriel
Markan

KALDA



ÍSLENSK HÖNNUN

Þessi skór er _____



Lauf Cycling

ÍSLENSK HÖNNUN

Þessi flothetta er _____



Unnur Valdís
Kristjánsdóttir

ÍSLENSK HÖNNUN

Þetta hjól er _____

Þessar flíkur eru _____

ÍSLENSK HÖNNUN

„Ég er afar þakklátur fyrir athyglina sem herferðin ‘Þetta er íslensk hönnun’ hefur vakið. Að fá gullverðlaun fyrir umhverfisgrafík í FÍT keppninni undirstríkar sannarlega að íslensk hönnun á alls staðar erindi. Ég sendi öllum samstafsaðilum í verkefninu bestu þakki og hvet landsmenn til að halda áfram að elska og styðja við íslenska hönnun – hún á það skilið!“

Eyjólfur Pálsson, stofnandi EPAL



Fimmtudagur

Hringbraut

- 18.30 Verk og vit 2022** Hringbraut heimsækir sýninguna Verk og vit í Laugardalshöll.
- 19.00 Mannamál** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkt einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.30 Suðurnesja-magasin Víkurfréttu** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Kátt er á Kili** Ferðabáttur inn að miðju landsins í frosti, byl og fögru útsýni.
- 20.30 Verk og vit 2022 (e)**
- 21.00 Mannamál (e)**

RÚV Sjónvarp

- 08.00 KrakkaRÚV**
- 10.00 Fólkið í blokkinni**
- 10.25 Loforð**
- 11.05 Dýrleg vinátta**
- 12.00 Aldamótaböndin**
- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Kastljós**
- 13.35 Pricebræður bjóða til veislu**
- 14.15 Skáldagatan í Hveragerði**
- 15.15 Sætt og gott**
- 15.20 Landinn**
- 15.50 Mörgæsir í ýmsum myndum**
- 16.45 Fólkið mitt og fleiri dýr**
- 17.35 Viti í Vestmannaeyjum - Sagan öll**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Óargadýr**
- 18.29 Lúkas í mörgum myndum**
- 18.36 Tryllitæki**
- 18.43 Stundin rokkar** Nýtt lag og undirbúningur fyrir tónleika.
- 18.50 Lag dagsins**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Milli fjalls og fjöru** Heimildarmynd um skóga á Íslandi í aldanna rás, allt frá því fyrir landnám og til dagsins í dag.

21.10 Dis



- 22.35 Hús nornanna - Seinni hluti The Pale Horse** Spennu-mynd í tveimur hlutum frá 2020 byggð á samnefndri skáldsögu Agóthu Christie. Ung kona er myrt og við rannsókn málsins finnst dularfullur nafnalisti í skó hennar. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.35 Svo á jörðu. Sá ock på jorden**
- 01.45 Dagskrárlök**

Sjónvarp Símans

- 08.00 Over the Hedge - isl. tal**
- 09.20 Ævintýri herra Pibodýs og Sérmanns - isl. tal**
- 10.50 Turbo - isl. tal**
- 12.25 Páll Rófulausi - isl. tal**
- 13.45 The Pink Panther**
- 15.15 Ghost Town** Aðalsöguhetjan er Bertram Pincus (Gervais), tannlæknir sem getur gert margt vel, en eitt af því sem hann kann alls ekki eru mannleg samskipti.
- 16.55 Duplex**
- 18.25 Sonic the Hedgehog - isl. tal**
- 20.00 Rúrik og Jói í Malaví**
- 20.45 MakeUp**
- 21.20 No Time to Die** Sagan hefst þar sem Bond er að slaka á á Jamaíka, eftir að hafa lagt byssuna á hilluna. En allt breytist þegar gamall vinur hans Felix Leiter frá bandarísku leynipjónustunni CIA kemur og biður um aðstoð.
- 00.05 Gemini Man** Henry Brogan er reyndur leigumorðingi hins opinbera en er búinn að fá sig fullsaddan af starfinu og leitar leiða til að draga sig í hlé. Það er hins vegar hægara sagt en gert fyrir mann sem býr yfir jafnmikilli vitneskju og hann. Dag einn uppgötvar hann að hann er sjálfur orðinn bráð leigumorðingja.

02.00 Bad Moms

Stöð 2

- 08.00 Barnaefni**
- 11.25 Curious George. Go West, Go Wild** Gáfaði apinn Georg er hér mættur aftur og er nú á leiðinni í heimsókn í sveitina til að hafa það náðugt.
- 12.50 The NeverEnding Story**
- 14.25 Blindur bakstur**
- 15.00 Blindur bakstur**
- 15.55 The Heart Guy**
- 16.40 Masterchef USA**
- 17.20 The Great British Bake Off**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.40 Sportpakkinn**
- 18.40 Fjölskylda Stórfótar** Talsett teiknimynd frá 2020 og framhald af myndinni Sonur Stórfótar. Faðirinn notar nýfengna frægð sína til að berjast gegn olíufyrirtæki í Alaska. Þegar hann hverfur halda sonur hans, móðirin, þvottabjörn og björn norður á bóginn til að bjarga honum.
- 20.10 Girls5eva**
- 20.40 NCIS. New Orleans**
- 21.25 The Blacklist**
- 22.05 Real Time With Bill Maher**
- 23.05 Killing Eve**
- 23.45 Grantchester**
- 00.35 Shetland**
- 01.35 Leonardo**
- 02.30 The NeverEnding Story**
- 04.05 Family Law**
- 04.50 The Drowning**

Föstudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin úrval** Úrval úr Fréttavöktum vetrarins.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó** Íþrótt- og skemmti-þáttur með Benedikt Bóasi.
- 20.00 Draugasögur (e)** Í sjónvarpsþættinum Draugasögum kynnumst við lífinu að handan.
- 20.30 Fréttavaktin úrval (e)**
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó (e)**

RÚV Sjónvarp

- 08.00 KrakkaRÚV**
- 10.00 Fólkið í blokkinni**
- 10.30 Ikingut**
- 11.55 Músir Marta**
- 12.25 Soð í Dýrafirði. Svalvogaviti**
- 12.40 Heimaleikfimi**
- 12.50 Grínistinn Laddi eins og hann leggur sig**
- 13.30 Popp í Reykjavík**
- 15.15 Búðin**
- 16.10 Fólkið mitt og fleiri dýr**
- 17.00 Helgistund á föstudaginn langa**
- 17.40 Viti í Vestmannaeyjum - Sagan öll**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Lesið í líkamann**
- 18.29 Frímó** Upplit og Eggjabakka-bræður.
- 18.43 Matargat. Amerískar pönnukökur**
- 18.50 Lag dagsins**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**



- 19.40 Páll Óskar fimmtíu ára** Upptaka frá fimmtíu ára afmælistónleikum Páls Óskars sem haldnir voru í Háskólabíói í lok mars. Á tónleikumum stigur Páll Óskar á svið ásamt 17 manna hljómsveit og flytur uppáhaldslög sín af löngum ferli. Hljómsveitarstjóri er Ingvar Alfreðsson sem einnig útsetur öll löggin fyrir þetta sérstaka tilefni.
- 22.00 Alma**
- 23.40 Grace af Mónakó. Grace of Monaco**
- 01.20 Dagskrárlök**

Sjónvarp Símans

- 08.00 Svampur Sveinsson. Á þurru landi - isl. tal**
- 09.30 Addams fjölskyldan - isl. tal**
- 10.55 Paddington isl. tal**
- 13.20 The Pink Panther 2** Sprenglægleig gamanmynd frá 2009 með Steve Martin í aðalhlutverki.
- 14.50 Planes, Trains and Automobiles**
- 16.20 Notting Hill**
- 18.25 Hop - isl. tal**
- 20.00 Briet í Hörpu** Tónlistarkonan Briet hélt útgáfutónleika 22. október 2021 í Eldborgarsal Hörpu.
- 21.30 Wrath of Man**
- 23.25 John Wick. Chapter 2**
- 01.25 Lion** Sannsöguleg kvikmynd frá 2016 um Saroos Brierley sem fimm ára gamall varð viðskila við fjölskyldu sína á Indlandi þegar hann sofnaði í lest sem bar hann langar leiðir frá heimahögunum.

03.20 Tónlist

Stöð 2

- 08.00 Barnaefni**
- 13.10 Adventures in Babysitting** Barnapia neyðist til að finna sér leið út úr miðri stórborginni þegar hún strandar þar ásamt börnunum sem hún átti að passa.
- 14.50 Masterchef USA**
- 15.30 Framkoma**
- 16.05 Grand Designs**
- 16.55 Real Time With Bill Maher**
- 17.50 Steinda Con. Heimsins furðulegustu hátíðir**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.40 Sportpakkinn**
- 18.50 Snigillinn og hvalurinn** Litill snigill fer í ævintýralegt ferðalag þegar hann húkkar sér far á sporðinum á hnúfubaki.
- 19.15 Nonni norðursins 3** Kinverskum forngrip hefur verið rænt af illa fornleifafræðingnum Dexter. Nú þarf Nonni, ásamt læmingja vinum sínum, að standa við orð sín og ferðast þvert yfir heiminn til að aðstoða Kína við að endurheimta gripinn sinn.
- 20.45 Hitman's Wife's Bodyguard**
- 22.40 The Mauritanian**
- 00.45 1917**
- 02.45 American Pie** Jim, Oz, Finch og Kevin eru fjórir vinir sem gera samning sín á milli um að þeir muni allir missa sveindóminn áður en þeir útskrifast. Þeir komast að því að það er hægara sagt en gert. Oz gripur til þess ráðs að syngja til að ná athygli kvenna, á meðan Kevin reynir að þrýsta á kærustuna um að hjálpa sér með vandamálið.
- 04.15 Adventures in Babysitting**
- 05.55 Masterchef USA**



Sýningin fór fram í Laugardalshöll að vanda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skyggst bak við tjöldin í Höllinni

Gríðarlegur áhugi var á stórsýningunni Verk og vit sem var haldin í Laugardalshöll í marsmánuði síðastliðnum. Um er að ræða eina stærstu sýningu árs hvers hjá fyrirtækjum innan byggingageirans og mættu um 25 þúsund manns á sýninguna í ár.

Heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn og kom í veg fyrir sýningarnar árið 2020 og 2021 og var greinilegt að Íslendingar voru spenntir að komast aftur á sýninguna þar sem aðsóknarmetið frá 2018 var jafnað.

Sýningin er ætluð þeim sem koma að bygginga- og mannvirkjagerð á ýmsum stigum, s.s. sveitarfélögum, verkötökum, iðnaðar-, hugbúnaðar- og þjónustufyrirtækjum, menntastofnunum, hönnuðum og ráðgjöfum. ■

Fengu innsýn í starf SOS í Malaví

Veitingamógullinn Jóhannes Ásbjörnsson og fyrrum knattspyrnumaðurinn Rúrik Gíslason heimsóttu SOS barnaþorp í Malaví á síðasta ári. Í þættinum hitti Rúrik sem er velgjörðarráðherra SOS barnaþorpa, dreng sem hann hefur styrkt um árabíl og fékk betri innsýn inn í aðstæður barnanna í Malaví og starf samtakanna.

Þátturinn er frumsýndur á skírdag og er endursýndur á páskdag en Rúrik hafði orð á því á samskiptamiðlum sínum eftir ferðalagið að sýn hans á lífið hefði breyst á þessum tólf dögum sem hann ferðaðist um Malaví með mági sínum. ■

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Praggnanandhaa (2624) átti leik gegn Gukesh (2637) á Kviku Reykjavíkurskáknotinu.

37...Rd1! 0-1 Hvítur getur ekki varist hótuninni **38...Rxf2+**. Praggnanandhaa tryggði sér sigur á mótnu með þessari skák. Hjörvar Steinn Grétarsson varð meðal þeirra sem urðu í 2.-5. sæti á mótnu. Ítarlega úttekt um mótið má finna á skak.is.

www.skak.is: Kviku Reykjavíkurskáknotið. ■

Pondus



Eftir Frode Øverli



Úr augnbótnei Rauðauga streymir kristaltært lindarvatn sem Rauðufossakvísl en hún hefur sérstakan rauðan árbotn auk fjölda fallegra fossa. MYND/TG

Fossar úr glóðarauga



Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi



Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Augu sjást víða í íslenskrri náttúru, sérstaklega við goshveri eins og Geysi og Strokk eða þar sem jarðhiti hefur brætt göt í jökulís eins og í Kverkfjöllum og á Bárðarbungu. Ekkert þessara augna slær þó út snotra lind skammt frá Dómadalsleið að Fjallabaki og kölluð hefur verið Rauðauga. Nafnið er vel til fundið því í tæru vatninu sést vel í rauðleitan augnbótinni.

Umhverfi Rauðauga er ekki síður magnað en augað sjálft. Úr því rennur lindá, Rauðufossakvísl, en rauðbrúnn botninn myndar skemmtilegar andstæður við ljósgrænan mosagróðurinn og svarta sandana í kring. Þetta er keðja fossa og fimm kílómetrum neðar er sá stærsti, sem heitir Rauðufossar og sést þegar ekið er inn í Landmannalaugar eftir Landmannaleið í gegnum Dómadal. Af henni liggur jeppavegur, Krakatindsleið, og eftir stutta keyrslu er við hana lítið bílastæði. Þar hefja flestir tæplega klukkustundar göngu að Rauðufossu, en síðan má halda áfram göngunni upp hlíðar vestan megin Rauðufossakvíslar alla leið að Rauðauga.



Skammt frá skálanum er frumstæð náttúrulaug þar sem hægt er að skola af sér mesta göngurykið og er þá vaðið yfir Blautukvísl.

Önnur skemmtileg gönguleið liggur að sunnanverðu frá Dalakofa. Er þá gengið með fram reisulegum líparitstöpum sem heita Rauðufossafjöll og þaðan að Rauðauga. Þarna býðst öræfakýrróð eins og hún gerist best og tekur gangan fram og til baka daginn. Þegar komið er að Rauðauga og Rauðufossakvísl er afar mikilvægt að fylgja stígum og traðka ekki á viðkvæmum gróðri sem þarna er. Ganga má með fram ánni niður eftir Rauðufossagili þar til áin steypist fram af snarbröttu stáli sem áður nefndir Rauðufossar. Þegar gengið er aftur að Dalakofa er upplagt að ganga eystri leið til baka, til dæmis upp á Svartakamb (1.005 m) og niður eftir hryggjunum ofan í Vestur-Reykjadal. Þarna er ógrynni fallegra gufuhvera og í botni sundurskorinna líparitgilja renna lækir og ár.

Efst á Svartakambi sést vel til Pokahryggs og Hrafninnuskers en einnig að Laufafelli og Löðmundi. Tilvalið er að gista í upphituum skála Útivistar, Dalakofa, eða slá þar upp tjaldi. Skammt frá skálanum, er frumstæð náttúrulaug þar sem hægt er að skola af sér mesta göngurykið og er þá vaðið yfir Blautukvísl. Dalakofa má nýta í fleiri göngur, t.d. á Laufafell eða að Laufahrauni en einnig er stutt í Rauðufossafjöll. Ef ekið er til baka frá Dalakofa inn á Dómadalsleið blasa við kirkjulaga Krakatindar en af þeim er sérlega fallett útsýni til Heklu. ■



Rauðauga minnir á glóðarauga – augnbótinn er rauður og miðjan minnir á augastein. MYND/ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON



Umhverfi Rauðauga og Rauðufossakvíslar er stórkostlegt en gróðurinn afar viðkvæmur. Þess vegna er mikilvægt að fylgja stígum og sumir taka jafnvel af sér gönguskóna til að hlífa gróðrinum. MYND/TG

Heimsmyndin sem tilbúningur

MYNDLIST

Birgir Andrésson: Eins langt og augað eygir Kjarvalsstaðir

Aðalsteinn Ingólfsson

Árið 1994 ákvað nefnd um sýningar á íslenskri myndlist erlendis að senda verk Birgis Andréssonar á Tvíæringinn í Feneyjum árið eftir, mörgum til allnokkurrar undrunar. Ekki síst listamanninum sjálfum, ef marka má nýttkomna bók um hann. Fram að því höfðu ýmsir helstu burðarásar myndlistarinnar í landinu, allt frá Jóhannesi Kjarval til Errós, sýnt þar fyrir Íslands hönd, svo og nokkur átrúnaðargóð (og kennarar) Birgis sjálfs, Magnús Pálsson, Sigurður Guðmundsson og Hreinn Friðfinnsson. Sjálfur hitti ég fyrir efasemdammenn sem veltu fyrir sér hvort listamaðurinn verðskuldaði þessa upphefð á þessum tímapunkti ævi sinnar, og að auki hvort meginviðfangsefni hans, íslenskt þjóðerni, ætti nokkurt erindi við alþjóðlegan myndlistarheim. Satt best að segja voru viðbrögð í Feneyjum ekki uppörvandi. Í lítinn og nettan sýningarskála Íslands kom nánast enginn til að berja augum framlag Birgis, að minnsta kosti ekki meðan sá sem þetta skrifar var þar staddur, og þeir fáu sem létu sjá sig stöldrúðu stutt við. Enginn hinna fjölmörgu blaðamanna sem að jafnaði sækja þennan viðburð taldi sér heldur skylt að fjalla um þessi sérkennilegu íslensku listaverk af skynsamlegu viti.

Kannski hafði það sitt að segja hve sjónrænt aðdráttarafi sýningargripanna, til dæmis þrjúnuðu íslensku fánanna tólf í saudalitinum, var af skornum skammti. Má vera að þarna hafi Birgir verið réttur maður á röngum tíma, því á tíunda áratugnum var farið að fjara ansi mikið undan hugmyndalist á alþjóðavettvangi. Höfundur bókarinnar um Birgi, kanadíski listfræðingurinn Robert Hobbs, viður einnig þá skoðun að Feneyjasýning hans árið 1995 hafi verið kynnt á röngum forsendum, sem eins konar hlutlæg „rannsókn“ á ýmsum birtingarmyndum íslensks þjóðernis. Þvert á móti hafi ásetningur listamannsins alla tíð verið súbversifur, að grafa undan þessum birtingarmyndum með ýmsum hætti, afbyggja þær, eða að minnsta kosti hafa uppi verulegar efasemdir um gildi þeirra.

Uppskeruhátið að Kjarvalsstöðum

Í ljósi þessarar fremur ógæfulegu útrásar árið 1995 hefur verið ævintrýralegt að fylgja með því hvernig 18 galleriinu og afkomendum Birgis Andréssonar (sem lést 2007) hefur tekist að búa til alþjóðlega gjaldgengt og ábatasamt „brand“ úr listamanninum og viðfangsefni hans, „íslenskri þjóðrækní“, sannkallaðri útnárafraði sem ekki hefur verið milli tannanna á málsmetandi listspekúlöntum úti í heimi á síðustu áratugum. Vísast hefur það auðveldað þessa seinni útrás, hve mikið af myndlist Birgis er að stofni grafísk hönnun sem hægt er að prenta í upplögum og dreifa stafrænt til kaupenda og safna víða um lönd. Og nú fer fram vegleg uppskeruhátið; yfirlitssýning í yfirstærð á Kjarvalsstöðum og 370 síðna bók um listamanninn á ensku, tungumáli heimsfræðar.

Vonandi gefst tækifæri til að ræða þessa bók á öðrum vettvangi. Hér skal einungis áréttað að hún er frábærlega vel gerð. Texti Kanadamannsins Roberts Hobbs er læsilegur og upplýsandi, og raunar



Yfirlitssýningin á verkum Birgis að Kjarvalsstöðum er viðamikil og fjölbreytt.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

afrek miðað við það að hann er hér að fjalla um löngu látinn og sannast sagna sérlundaðan listamann af framandi menningar- og málsvæði. Höfundur þarf að standa skil á innviðum íslensks myndlistarlífs á þeim tíma sem hér er undir, atburðum í íslenskri pólitík og undarlegum íslenskum þjóðsiðum, svo fátt eitt sé nefnt.

Tvennt er það sem setur afgerandi mark á þróun Birgis sem myndlistarmanns, uppvöxtur hans meðal blindra og námsferill meðal hugmyndalistamanna. Að dvelja árum saman innan um blinda, vera í raun tengiliður þeirra við veruleikann, hlýtur að þroska með mönnum bæði frásagnar- og túlkunarhæfileika, um leið og túlkunin leiðir óhjákvæmilega í ljós ýmislegt misræmi milli þess sem er sýnt og sagt, milli máls og myndar. Til dæmis verður glöggur sjáandi/túlkandi þess áskynja að því nær sem hann stendur því viðfangi sem hann á að lýsa fyrir sjónlausum, þeim mun meir gliðnar viðfangið fyrir augliti hans. Í nærmynd er öll náttúra abstrakt, eins og þeir vissu gjörla Kjarval og Kristján Davíðsson. Hið sama gildir um ýmiss konar gildishlaðin hugtök sem menn hafa hampað gagnrýnislaut; við íturstu skoðun verða þau hjóm eitt.

Sjálfsmynd þjóðanna

Hugmyndalistin er leið Birgis til að gaumgæfa hugtök og hugmyndir. Einna mestur áhrifavaldur á ferli hans er sennilega hollenski myndlistarmaðurinn Douwe Jan Bakker, sem Birgir kynnist ungur. Bakker er einna fyrstur hollenskra nýlistarmanna til að vinna ljósmynda- og textaefni út frá íslensku landslagi, húsagerðarlist og tungu. Þekkt bókverk Birgis um „eyktarmörk í íslensku landslagi“ er því mjög í anda Bakkers. Þeir félagarnir áttu drykkjuskapinn einnig sameiginlegan og létust úr ofdrykkju, nánast jafn gamlir. En þar sem viðhorf Bakkers til íslensks landslags og menningar er mestmegnis ljóðrænt og spurult, einkennast athug-



Sýningin á Kjarvalsstöðum stendur til 15. maí.



Að dvelja árum saman innan um blinda, vera í raun tengiliður þeirra við veruleikann, hlýtur að þroska með mönnum bæði frásagnar- og túlkunarhæfileika.

anir Birgis á ýmislegu í viðtekinni þjóðmenningu okkar Íslendinga – og þjóðmenningu yfirleitt – á efasemdum, blönduðum ismeygilegum húmor, eða jafnvel tvílraði.

Nú er mér ekki fullljóst hvaðan Birgi kemur þessi áhugi á íslenskri þjóðmenningu í viðasta samhengi. Kannski er hann alfarið sprottinn upp úr bók Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili, Íslenskir þjóðhættir, sem hann eignaðist ungur og skildi aldrei við sig. Snemma á níunda áratugnum var Birgir altént kominn á kaf í eins konar myndræna spurningaleiki, þar sem ýmislegt kunnuglegt var til umfjöllunar, ekki síst sjálfsmynd þjóðanna, eins og hún birtist í máli og myndum. Þar er auðvitað stærsta spurningin: Hvers eðlis er sú ímynd? Er hún yfirleitt til? Og ef hún er ekki til, eru þjóðirnar sem stjórnað af henni ekki bara tilbúningur?

Þungbær boðskapur?

Yfirlitssýningin á verkum Birgis að Kjarvalsstöðum er viðamikil og fjölbreytt. Mest fer þó fyrir verkum þar sem stakir litir eru notaðir ásamt textum. Nokkur þessara verka eru

réttnefndar veggmyndir, stór verk, þar sem textarnir eru eins og opinberar yfirlýsingar (jafnvel þótt þeir séu persónulegir), aðrar eru í stofustærðum, gerðar til einstaklingsbrúks. Í þessum verkum á sér stað stöðug núningur milli textanna og litanna, þar sem textarnir kalla á lestur en litirnir á skynjun/túlkun. Til viðbótar koma svo staðhæfingar listamannsins, þrykkar á hverja mynd, um „íslenskan“ uppruna litanna sem notaðir eru, þegar áhorfandinn veit ósköp vel að enginn getur „átt“ liti. Þessar mótsagnakenndu pælingar um „þjóðerni lita“ taka á sig stórbrotna mynd í verkaröðinni um gjörvöll ríki Afríku, þar sem sérhvert ríki virðist eiga sér lit, og sá litur er alltaf „íslenskur“. Og engin leið, skynrænt, menningarlega eða heimspekilega, að tengja á milli nafnanna á löndunum og litanna sem Birgir velur þeim.

Boðskapur Birgis gæti verið: Flest það sem okkur er heilagt er tilbúningur. Og kannski helsta afrek hans sem hugmyndalistamanns að gera þann fremur þungbæra boðskap allt í senn fyndinn, litríkan og aðlaðandi. ■

Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is



Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16



Spurningin

Ætlarðu að fá þér páskaegg?



Halldór Laxness Halldórsson

leikskáld

Nei, ég held ekki. Það voru einu sinni skilin eftir svo mörg páskaegg heima hjá mér og þau voru étin yfir langt tímabil og það leið öllum illa eftir á.



Sunna Ben

DJ og ljósmyndari

Mig langar svolítið að fá mér Tulipop-páskaegg af því að mig langar svo í Tulipop-styttuna. En mig langar ekkert að borða súkkulaðið.

Það er alveg til dökkt sko, en það getur verið að ég láti mig hafa það. Fæst páskaegg eru vegan. En ég hugsa að ég fái mér Pipp myntupralín.

Einu vandræðin eru að maður er oft frekar lengi að borða páskaegg en maður er mjög fljótur með svona stykki.



Sindri Geir Óskarsson

sóknarprestur

Já. Ég er búinn með tvö og það verður allavega tekið eitt í viðbót. Það er Djúpu-egg. ■



Systkinin frá Tjörn í Svarf-aðardal hafa sungið saman síðan þau muna eftir sér.

MYND/ADSEND

Söngelsk börn söngvara frá Tjörn

Systkinin Ösp, Björk og Örn Eldjárn mynda saman þjóðlagatríóíð Blood Harmony. Þau eru börn meðlima Tjarnarkvartettsins og eiga því ekki langt að sækja þjóðlagahéðina.

ninarichter@frettabladid.is

Ösp Eldjárn er ritlistarnemi og tónlistarkona og eitt þriggja systkina sem mynda þríeykið Blood Harmony. Sveitin flýgur til Kaupmannahafnar á annan í páskum í fyrsta legg ferðar til Gautaborgar þar sem þjóðlagatónlistar-bransahátíðin Nordic Folk Alliance fer fram.

„Þetta er eins konar þjóðlaga-bransahátíð,“ útskýrir Ösp þegar blaðamaður nær tali af henni. Hún segir að hátíðin sé frábær vettvangur til þess að komast inn á skandinavíska markaðinn og ná norrænum eyrum hlustenda. Draumurinn sé að geta flutt tónlistina fyrir framan nýja áheyrendur. Bransinn sé þó algjör frumskógur og erfitt að vita við hvern sé best að tala.

Þjóðlagahugtakið erfitt á Íslandi

Blood Harmony samanstendur af Ösp, Erni Eldjárn og Björk Eldjárn. Auk þeirra fer söngvaskáldið Svavar Knútur á hátíðina fyrir Íslands hönd og þjóðlagasveitin Umbra. „Þetta er skemmtilega fjölbreyttur hópur,“ segir Ösp.

Hún segir þjóðlagahugtakið erfitt á Íslandi. „Á ensku erum við með folk-hugtakið og svo traditional-tónlist, sem er meira í ætt við þjóðlagaarfinn.“ Að mati

Aspar eru Íslendingar mest í söngarfinum. „Það er þetta element að segja sögur,“ útskýrir hún.

„Ég bjó lengi úti á Englandi þannig að ég kem inn með þessi keltnesku áhrif og ensku þjóðlagasöngkona. Við syngjum bæði á ensku og íslensku. Maður er aldrei að semja með einhver áhrif í huga en síðan verður maður fyrir áhrifum. Það bara gerist.“

Alin upp við raddaðan söng

Ösp, Örn og Björk eru alin upp á miklu söngheimili, en þau eru börn Kristjáns og Kristjönu úr Tjarnarkvartettinum frá Tjörn í Svarf-aðardal. „Foreldrar okkar voru í acapella-



Að vera systkini gerir allt miklu auðveldara og skemmtilegra, þannig verður þessi þétti samhljómur.

Ösp Eldjárn, tónlistarkona

eitthvað svona óbeint tónlistarnám. Þar kemur einhver samhljómur inn sem er alveg fullkominn!“

Tala saman í hálfum setningum

Ösp og Örn hafa alltaf unnið saman í tónlistinni. „Það lá beint við að við færum að gera eitthvað saman sem band. Við skiljum hvort annað svo vel og erum nánast með sér tungumál,“ segir hún. „Við tölum í hálfum setningum og handapati. Svo þegar maður er á sviði þá finnur maður að við lesum alveg í hvort annað, þegar ég er að fara í eitthvert rugl þá finnur Örn það, það þarf ekkert að segja mikið,“ segir Ösp og hlær.

„Að vera systkini gerir allt miklu auðveldara og skemmtilegra, þannig verður þessi þétti samhljómur. Það er svo ótrúlega gaman að geta átt þetta sameiginlega áhugamál með systkinum sínum og tónleikaferðalögin eru mjög skemmtileg,“ segir hún.

„Þjóðlagatónlist er einlæg tónlist. Hún er mjög berskjölduð og oft hrá. Hvort sem það er í samhljómi eða bara einn söngvari, þá er ekkert glimmer-dót í því. Eftir þennan Covid-tíma, þegar allir eru búnir að vera að horfast í augu við sjálfa sig og eiga tíma með sjálfum sér og fólkinu sínu, því sem skiptir máli, held ég að þjóðlagatónlist sé mjög góður miðill,“ segir Ösp. ■

Sjáumst á fjöllum



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | www.fi.is

Sigraðu innkaupin með páska- tilboðunum

Tilboð gilda til 18. apríl

London
lamb

2.239 kr/kg
3.199 kr/kg



Lambahryggur,
½ lundamegin

3.039 kr/kg
3.799 kr/kg



Nauta ribeye-
steikur

3.989 kr/kg
5.699 kr/kg



Mini hamborgarar
Street Food, 8 stk.

1.919 kr/pk
2.399 kr/pk



Vínarbrauð með
pekanhnetum

149 kr/stk
249 kr/stk



Súrdeigsbrauð
608 g

311 kr/stk
519 kr/stk



Chavroux geitaostur
150 g

674 kr/pk
899 kr/pk



Active JOINTS
Eylíf, 90 hylki

3.112 kr/pk
4.149 kr/pk



Sigraðu
innkaupin
og fáðu
beta verð
á matvöru
með
Samkaupa
appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Stór augnhár eru úti en skærir litir eru inni

Sigurvegari MakeUp-þáttanna í Sjónvarpi Símans segir að náttúruleg förðun sé málið um páskana en dökkar augabrúnir og stór augnhár séu á hraðri útleið.

ninarichter@frettabladid.is

Hin 24 ára gamla Ester Mondragon er förðunarfræðingur og sigurvegari MakeUp-þáttanna sem aðgengilegir eru í Sjónvarpi Símans um þessar mundir. Ester hefur vakið athygli fyrir áberandi stíl en hún segist hafa skráð sig til leiks í keppnina eftir að stóra systir hennar hvatti hana eindregið til að sækja um.

„Ég reyndi mitt allra besta. Ég veit ekki hvað varð til þess að ég landaði sigrinum en ég gerði mitt besta


og vandaði mig,“ segir hún aðspurð um sigurinn. Ester útskrifaðist frá Reykjavík Make Up School í maí 2020 og förðunin hefur átt hug hennar allan síðan. „Ég vann þrenn verðlaun þegar ég útskrifaðist, fyrir bestu myndina, bestu einkunn fyrir smokey-look og síðan tiskuförðun,“ segir hún.

Ester sækir innblástur á Instagram og Pinterest. Hún nefnir einnig YouTube-rásina Nicki Tutorials. „Hún var byrjunin, alveg hundrað prósent. Ég man þegar ég var í menntaskóla að byrja að mála mig, þá hafði hún gríðarleg áhrif á mig. En áhuginn byrjaði rólega,“ segir hún.

Að mati Esterar snýst góð förðun um fallega húð- og augnförðun. Svo skipti máli að litirnir séu réttir og allt tóni vel saman. ■



Ester Mondragon, sigurvegari MakeUp-þáttanna, gefur lesendum góð ráð.
MYND/ADSEND



Litir eru rosa mikið í tisku. Skærir augnlitir, fjóluþlái, bleikir og jafnvel appelsínugulur. **H**




H
Gloss er rosa mikið inn með dekkri varablýanti.



K
Ester er ekki hrifin af ljósbleikum varalit.



Of dökkar augabrúnir eru ekki málið núna. **K**



Stór augnhár eru að mati Esterar ekki að gera sig um páskana. **K**




H
Klassísk og náttúruleg förðun.



K
Blár varalitur heillar ekki Ester um þessar mundir.



H
Létt augnförðun með brúnum augnblyanti og svörtum maskara.



H
Nineties-förðun er að koma mikið aftur.

EXTRA



OPIÐ ALLA PÁSKANA

Barónsstígur

8-24

Akureyri

24/7

Reykjanesbær

24/7

Þú færð ódýrara páskegg
hjá okkur, annars endur-
greiðum við mismuninn*
Gildir til 18.apríl.

.....
*Sýna þarf kvittun samdægurs.

Gildir aðeins fyrir páskaegg frá Nóa, Freyju og Góu.

Gildir ekki um páskegg nr. 1.
.....



Heimsferðir 30 ára 1992-2022

Lækkaðu ferðina um 30.000 kr. á mann með kóðanum "30ARA"
Sjá dæmi um verð með afslætti hér að neðan.

Costa del Sol

20. apríl í 10 nætur

10 nætur
Flug & hótél frá
79.200

Flugsæti
Flug báðar leiðir frá
59.900

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is

Borganferð
Ljubljana

21. apríl í 4 nætur

Verð frá kr.
116.450

Flugsæti
Flug báðar leiðir frá
59.900

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is



Birgir Dagur Bjarkason segist hafa haft mikinn áhuga á leiklist síðan hann var krakki.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Trúir sjálfur á berdreymi

Ungi leikarinn Birgir Dagur Bjarkason fer með aðalhlutverkið í myndinni *Berdreymi*. Hann lýsir því sem ótrúlegu tækifæri og stefnir á að gera leiklistina að ævistarfi.

tsh@frettabladid.is

Hinn sautján ára gamli Birgir Dagur Bjarkason leikur aðalhlutverkið í *Berdreymi*, nýjustu mynd Guðmundar Arnar Guðmundssonar, sem fer í almennar sýningar á næstunni. Myndin fjallar um fjóra táningspíla sem tengjast vináttuböndum í skugga ofbeldis og fer Birgir með hlutverk Adda, stráks sem er alinn upp af einstæðri móður með skyggngiáfu.

Spurður um hvernig hann hafi landað hlutverkinu segir Birgir:

„Það kom maður í skólann minn sem lék í Hjartasteini og sagði að það vantaði í hlutverk fyrir nýja kvikmynd sem Guðmundur Arnar Guðmundsson væri að gera og ég hugsaði bara: „Af hverju ekki að kyla á það, ég hef engu að tapa.“

Birgir fór í prufu og eftir að hann landaði hlutverkinu tók við tæpt ár af æfinga- og tókufæri.

„Það var ótrúlega gaman en á pörtum gat það verið krefjandi, sérstaklega í tilfinningalegu senunum. En það góða við það er að við tókum svo langt æfingafæri og við strákarnir vorum svo vanir að fara í gegnum hverja einustu senu þannig að við vissum alveg hvað við áttum að gera, hvar við áttum að vera, hvað við áttum að segja og svo framvegis,“ segir hann.

Myndin fjallar um vináttu ykkar strákanna, urðuð þið nánir í ferlinu?

„Já, við urðum bara bestu vinir! Við hættum ekki að grínast í hvor öðrum á setti og í æfingafærlinu. Þetta var ótrúlega gaman og ég myndi án djóks kalla þá bræður mína í dag, við erum svo nánir.“

Gat verið krefjandi

Berdreymi fjallar um ýmis alvarleg málefni á borð við heimilisofbeldi, einelti og kynferðislega misnotkun. Spurður um hvort það hafi verið erfitt að leika í sumum senum segir Birgir:

„Það góða við það var að Kristín Lea, sem kenndi okkur leiklist í æfingafærlinu, var á setti fyrir þessar krefjandi senur. Ef okkur strákunum fannst eins og við þyrftum að tala við einhvern og fannst eitthvað



Birgir tengdist mótaleikurum sínum í *Berdreymi* sterkum böndum og segist hann líta á þá sem bræður sína.

MYND/JOIN MOTION PICTURES



Ólafur Darri hefur alltaf verið uppáhalds íslenski leikarinn minn og ég var smá í sjokki þegar ég heyrði fréttirnar um að hann myndi vera í þessu.

Birgir Dagur Bjarkason

erfitt þá voru Guðmundur og allir aðrir tilbúnir að spjalla við okkur. En það gat alveg verið krefjandi.“

Addi, karakterinn þinn í myndinni, er berdreyminn. Trúir þú sjálfur á að fólk geti verið með skyggngiáfu?

„Já, ég trúi að maður geti verið berdreyminn og ég hef alveg átt vini sem hafa verið það. Ég hef reyndar ekki verið berdreyminn sjálfur en það geti gerst hvenær sem er. Maður veit aldrei.“

Sjokk að leika á mótí Ólafi Darra
Aníta Briem fer með hlutverk móður Adda í *Berdreymi* og Ólafur Darri Ólafsson leikur helsta andstæðing strákanna í myndinni. Spurður hvernig upplifun það hafi verið að leika á mótí svo þekktum leikurum segir Birgir:

„Það var svolítið sjokk í byrjun, ég get alveg sagt það. Ólafur Darri hefur alltaf verið uppáhalds íslenski leikarinn minn og ég var smá í

sjokki þegar ég heyrði fréttirnar um að hann myndi vera í þessu. Að leika með þeim og öðrum leikurum var ótrúlega mikil reynsla og sannkallaður heiður að fá að vinna með svona stórum reynsluboltum í þessum bransa.“

Þá segir Birgir Aníta Briem hafa reynst honum einkar vel á settinu. „Aníta meira að segja kenndi mér á gítar á settinu og gaf mér ljóðabók. Hún var beisiklí bara leiklistarmamma mín.“

Aldrei haft jafn gaman í lífinu

Berdreymi var frumsýnd á Berlinale, alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlín, í febrúar síðastliðnum og vann til verðlauna sem besta evrópska myndin. Leikararnir fengu að vera viðstaddir ásamt fjölskyldum sínum og segir Birgir það hafa verið mikla upplifun að ganga rauða dregilinn.

„Ég vissi ekki hvernig þetta myndi vera og ég hugsaði bara: „Já, þetta er að gerast og við sjáum bara hvernig þetta fer.“ Ég labbaði þarna inn og ég hef bara aldrei haft jafn gaman í lífi mínu.“

Berdreymi er fyrsta kvikmyndin sem Birgir leikur í en hann stundar nú leiklistarnám við Fjölbrotaskólann í Garðabæ. Hann segist hafa haft áhuga á leiklist síðan hann var krakki en ekki hugsað um hana sem framtíðarstarf fyrir en nú.

„Eftir að ég fékk þetta ótrúlega tækifæri þá hugsaði ég bara: Heyrðu, ég elska að gera þetta, þetta er bara minn draumur og það sem ég ætla að gera allt mitt líf,“ segir hann og bætir við að hann geti hugsað sér að fara í framhaldsnám í leiklist einhvers staðar erlendis. ■

MANNAMÁL

FIMMTUDAGA KL. 19.00

OG AFTUR KL. 21.00



HRINGBRAUT



FJÖLSKYLDUFJÖR SUMAR 2022

Sumarferðir bjóða ferðir á góðum kjörum fyrir fjölskyldur af öllum stærðum og gerðum. Á áfangastöðum Sumarferða er fjölbreytt afþreying og fjör í boði fyrir alla fjölskylduna.

**TRYGGÐU ÞÉR
ÞÍNA GISTINGU
Í TÍMA**



ALMERÍA

PIERRE VACANCES **☆☆☆**

Ferðatímabil: 27. júní - 7. júlí – 7 nætur

FRÁ **93.900 KR.**

Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 3 börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum.

ALMERÍA

BEST SABINAL HOTEL **☆☆☆☆**

Ferðatímabil: 27. júní - 7. júlí – 7 nætur

FRÁ **149.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn tvíbýli með hálfufæði.

HÁLFT
FÆÐI

PORTÚGAL - ALBÚFEIRA

CLUBE ALBUFEIRA GARDEN **☆☆☆**

Ferðatímabil: 29. maí - 7. júní – 9 nætur

FRÁ **97.500 KR.**

Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum.

NÝTT Í
SÖLU

MALLORCA

APART. ROC PORTONOVA **☆☆☆**

Ferðatímabil: 3. - 10. júní – 6 nætur

FRÁ **91.900 KR.**

Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum.

MALLORCA

A10 SOLECITO APARTAMENTS **☆☆☆☆**

Ferðatímabil: 3. - 10. júní – 6 nætur

FRÁ **101.500 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í Junior svítu.

PORTÚGAL - ALBÚFEIRA

APART. CERRO MAR **☆☆☆☆**

Ferðatímabil: 21. júní - 28. júní – 7 nætur

FRÁ **94.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi.

NÝTT Í
SÖLU

ALBÍR

SUNCONFORT ALBIR GARDEN **☆☆☆☆**

Ferðatímabil: 7. - 15. júní – 7 nætur

FRÁ **94.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.

BENIDORM

MEDITERRANEO BENIDORM **☆☆☆☆**

Ferðatímabil: 23. - 30. ágúst – 6 nætur

FRÁ **130.500 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með morgunverði.

TENERIFE

MARYLANZA SUITES & SPA **☆☆☆☆**

Ferðatímabil: 23. - 30. júlí – 7 nætur

FRÁ **123.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.


Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og stafabrengl.

SUMAR  FERÐIR

..eru betri en aðrar

Innifalið í verði: Morgunflug*, flugvallaskattar, gisting, íslensk fararstjórn, ferðataska og handfarangur. Þjónustusími opin allan sólarhringinn. *á ekki við Alicicante flugin

Sími 514 1400 | www.sumarferdir.is



Bakþankar



Kolbeinn Marteinsonar

Ekki skella

Fyrir nokkrum árum hringdi kunningi minn í mig og var hinn reiðasti. Honum hafði verið sagt fyrirvaralaust upp störfum. Erindi hans var að bera undir mig grein sem hann ætlaði að birta á samfélagsmiðlum sínum og svo í framhaldinu í fjölmiðlum. Í greininni yrði ekkert dregið úr skítavinnubrögðum og slæmu viðskiptasiðferði vinnuveitandans. Ég lagði til að hann róaði sig og biði með birtingar á hugrenningum sínum.

Það er gott að hafa í huga að íslenskur vinnumarkaður er agnar-smár, sem þýðir að leiðir okkar flestra liggja einhvern tímann saman á lífsleiðinni og í sumum tilfellum oftast. Reglulega er ég minntur á þetta þegar ég hitti fyrrverandi vinnufélaga, skólasystkini eða kunningja við hin ólíklegustu tilefni í mínum störfum. Af því leiðir að það er betra að kveðja fólk í friði heldur en með látum, þar sem góðar líkur eru á að maður muni hitta það fyrir aftur.

Eftir að hafa lesið grein kunningjans sem einkenndist af gremju yfir starfslokunum, hringdi ég í hann og spurði hver væri tilgangurinn með þessu öllu saman. Hvað ætlaði hann að fá út úr þessu, hvert væri markmiðið? Staðreyndin er að netið gleymir engu og allra síst efni sem skrifað er í tilfinningalegu uppnámi. Eftir tíu ár erum við löngu komin yfir erfiða hluti, en eitthvað sem við skrifuðum eða sögðum í reiði getur verið dregið upp úr hatti og jafnvel haft slæm áhrif.

Mín reynsla er því sú að það sé oftast best að loka dyrunum rólega á eftir sér þegar maður kveður eða gengur út. Maður veit nefnilega aldrei hvenær maður þarf að opna sömu dyr aftur. Kunninginn varð mér á endanum sammála, greinin hans var aldrei birt, nema þá hér. ■




25%

afsláttur

allt harðparket

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Fermingar- skraut

Faxafeni 11,
108 Reykjavík
www.partybudin.is





Afgreiðslutími um páska

	Skírdagur 14. apríl	Föstudagurinn langi 15. apríl	Laugardagur 16. apríl	Páskadagur 17. apríl	Annar í páskum 18. apríl
Verslun Breidd	10-18	Lokað	10-18	Lokað	11-17
Verslun Granda	10-18	Lokað	10-18	Lokað	11-17

Sjá afgreiðslutíma annarra verslana á byko.is

20%

afsláttur

Handgreina- og
hekkklippur



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Verslaðu á netinu byko.is

